This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google books

https://books.google.com

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google books

https://books.google.com

Digitized by Google

EX BIBLIOTHECIS GUDBRANDRI VIGFUSSON et FRIDERICI YORK POWELL olim alumni, partim ab hoc legatis, partim emptis, a. MCMIV.

A. 2. 11. 6. ✓

Digitized by Google

G. Vissering

Digitized by Google

Digitized by Google

# SKÓLA HÁTÍD

Í MINNÍNGU

FÆDÍNGAR-DAGS

VORS ALLRANÁDUGASTA KONÚNGS

# FRIDRIKS SJÖTTA

ÞANN 28. JANÚARÍI 1832,

ER HALDIN VERDR Þ. 29. JANÚARÍI 1832.

BODUD AF

KÉNNURUM BESSASTADA SKÓLA.

---

## ÓLAFS DRÁPA TRYGGVASONAR

ER HALLFREDR ORTI VANDRÆDASKÁLD,

UTGEFIN AF

*SVEINBIRNI EGILSSYNI.*

---

VIDEYAR KLAUSTRI 1832.

Prentud af Bókþryckjara Helga Helgasyni,
á kostnad Bessastada Skóla.

Digitized by Google

Digitized by Google

# Formáli.

*Saga Olafs Tryggvasonar kvedr skirt á, ad Hallfredr Vandrædaskáld hafi ort tvær drápur um Olaf konúng: adra þann vetr, sem hann var skírdr í Noregi* [1]*, hina, einu ári eptir fall Olafs konúngs* [2]*. Hvorugt þessara kvæda er til allt, en allmörg erindi úr báðum finnast í Olafssögu, Heimskringlu og Fagrskinnu; hefir fyrri drápan ei gétid um annad, enn um uppvöxt Olafs í Görðum, hernad hans í Austrvegi og Vesturlöndum, og hvörsu hann komst til ríkis í Noregi; hin sídari hefir einkum verid greinileg um Svoldarorustu og sagnir manna um fall Olafs konúngs. En drápu þeirrar, sem prentud er á þessum blödum, gétr hvörgi, þad eg til veit, í nokkurri sögu: þyki mér líklegt, ad hún sé kvedin þeirra sídast: því í 27. erindi bendir til, ad fleiri skáld hafi þá verid búin ad kveda um Olaf, og í 20. erindi segir skáldid med glöggvari og vafalausum ordum, enn í fyrri drápunni, hvad hann vissi sannast*

[1]) Fornm. sög. 2. bindi, bls. 50—51.

[2]) Sama verk, 3. b., bls. 24.



Digitized by Google

Digitized by Google

Cd. mbr. Holth. I folio, fol. 112b-113a.

# ÓLAFS DRÁPA TRYGGVASONAR

## ER HALLFREDR ORTI VANDRÆDASKÁLD.

1. Yfirhildíng bid ek aldar
einn hródtolu beina [1])
mèr, þanns mestom stýrir
mætti hverrar ættar:
Þvíat veglyndum vanda
vin þínum skal ek, Rínar,
brag, þeim er bjartleyg fögrum
baud ótta, gud drottinn!

2. Mætr hefir minna látid
mik stólkonúngr sólar
snjallr, en sómdi þolli
sverdels, bragar verda;
Þó vil ek Þróttar [2]) skýa,
þeim er engr var beima,
eldveitanda [3]) ítrom,
alfrídri, lof smída.

[1]) *beinar, afskr.* [2]) *Þóttar, afskr.* [3]) *eldveitandi, afskr.*

---

1. erindi: yfirhildíngr aldar hverrar ættar, yfirkonúngr allra manna, gud. Hródtala, lofkvædi, Bjartleygr, bjartr eldr; b. Rínar, gull; bjóda ótta gulli, vera mildr af fé.

2 er: sólar stóll, himin, hans konúngr, gud. sverdel, orusta, h. þollr (vidr), konúngrinn. Þróttr, Odin, Þróttar skýr, skjöldr, hans eldr, sverd.

Digitized by Google

3. Nefndr var úngr, sá er efndi,
ýta vördr, í Gördum
æskigaldr [1]) vid aldir,
Olafr fyrir mér, stála.
Eldstökkum sáfk [2]) ekki
öll hygdi vel snjöllum
hafs-nema hilmi jöfra
heims bygd syni Tryggva.

4. Reggstrindar bad randir
rádfimr bera snimma
jóskreytandi ýta
audmildr á skip raudar.
Frá reist framr (en sýgjor [3])
flód könnudu gódar)
foldar hring til fengjar
fóstrjörd konúngr börduin.

5. Vestr hélt varga nistir
vídfrægr lagar skídum
(ár-raud úngr í þeirri)
England sá vit (branda).

[1]) *æskibaldr, afskr.; æ. stála er mannkenning, en þá vantar botninn í meininguna.* [2]) *kannske sásk eda sákk?* [3]) *skýgor eda skygost, afskr.*

---

3. er., æskigaldr stála, orusta; Hafs eldr, gull, hafs eldstökkvir, madr; líka mætti álíta hafs eldstökkr, sem vidnafn, mildr af gulli.

4. er: reggstrind, sjór, hans jór skip. Sýgja, umfar bord í skipi.

5. er; nistir, fædir; í þeirri, nfl. ferd; á vit, til;

Digitized by Google

Fyrr vann ödlíngr errinn
(eingr), en Noreg fengi,
(harri [1]) var hilmi dýrri)
hefnd síns födur efnda.

6. Rak, sá er rausn vann mikla,
rjódr med gengi þjódar
víga bords, ok verdar [2])
vestr hernád, fékk erni [3]).
Endr frá ek borgir brendar
(brandr gall) á Irlandi
[blèso vè], þar er vísi
vígmódr um-kom glódum.

7. Brunnu ból, en runnu
(böl vann gnógr) til skógar
(lýda sveit, ádr lèti [4]),
limgarmr) Skotar armir.
Ok hrynslódar heidinn
herr fur elda þverri,
vögnu vítt um eignadr [5])
vapnbautinn fèll Gauti.

[1]) *harr, afskr.* [2]) *vardar afskr.* [3]) *erin, afskr.* [4]) *kannské létti.* [5]) *eignad, afskr.*

---

errinn, knár.

6. er: víga bord, skjöldr, hans rjódr, hermadr; vè, stridsmerki, vígmódr, hugadr í bardaga.

7. er: limgarmr; eldr; vagna, hvalr, vögnu hrynslód, sjór, hans eldr, gull; bautinn, bitinn. Gautr, Odin.

Digitized by Google

8. Snarr þar sigr or hverri
sárlóms mötodr [1]) rómu
(hæst gekk hreggbjódr) lista
(hvar [2]) lands er kom, randa [3]).
Gnóg var vist ok, vestan,
vel drengila fengin,
mærr ádr mildingr færi,
margspám [4]) grám vargi.

9. Austr þíngat kom ýngvi
ádr, frá ek jarl af hjarli
(kœnn med krapti hreinum
Kristr tœdi gram) flœdu.
Ognmildr lét þá öldum
ödlingr, sá er gaf hringa,
(þjód tók glöd vid gódum
guds ár) trú bodna.

10. Hardrádum gekk heidis
hjaldrmagnadi skjaldar
skatna ætt á skreytta [5])
skotjörd loga fjardar.

[1]) *motod, afskr.* [2]) *hár, afskr.* [3]) *ráda, afskr.* [4]) *margspdin, afskr., sb.* 21, 5. [5]) *skreyta, afskr.*

---

8. er: sárlómr, hræfugl, hans mötodr, hermadr; ok vel drengila, þ. e. vel ok drengilega.

9. er: þíngat, þángad ɔ: til Noregs; tœdi, hjálpadi; flœdu, hafa flúid. Guds ár. guds erindsreki.

10. er: skotjörd heidis (hauks), hönd; meiníngin er: gekk á hönd honum. Hjaldr skjaldar, bardagi, hans magnadr, hermadr, konúngurinn.

Digitized by Google

Lýd gat lofdúngr ráda
(landherr frá sid vândum
Þá hvarf allr, ok illum)
ólítt (godum nítti [1]).

11. Ok fimm, sá er gaf gumnum
glólista, vann kristin
ljót, brinnandi [2]) lautar [3]);
lönd elbodi Göndlar [4]).
Hvern viti hjálma Þornar
(hann var ríkstr konúngmanna)
elda runn, er unni
eljon slíkt at telja?

12. Hraustr vann Hjaltland kristnad
hlífar Þeys, sem Eyar,
stýrir stekkvi-fýra
stalls [5]), ok [6]) Noreg allan.
Lét á Grœnland gætir
gunnblídr komid sídan
vængjum vallar hringa
vègsamr trú ramri.

[1]) *Þetta ord vantadi í afskr.* [2]) *birnandi, afskr.* [3]) *lautan, afskr.* [4]) *gundlar, afskr.* [5]) *stulls, afskr.* [6]) *sem, afskr.*

---

11. er: glólisti lautar, sjór, hans brinnandi (eldr) gull; vann kristin, kristnadi; eldr. sverd, elda runnr, madr; unna eljon, géta.

12. er: Þeyr, vindr, hlífar, Þeyr, bardagi, hans stekkvi-fýr, sverd, Þess stallr, skjöldr, hans stýrir, konúngrinn. Hríngr, sverd, Þess völlr, skjöldr (land vopna); vængjum ramr, vængsterkr, vængjum röm kallast kristin trú, af því hún flaug um mörg lönd.

Digitized by Google

13. Vítt stód ógn af ýti
(íslenzkum her vísi)
orms vallar (baud allan
aldr guds lögum halda).
Sva lèt rèttur, hinn er rítar
rjódendr um-vann, gódar,
reyrs, vid [1]) rádi voro
réttdœmr konúngr settar.

14. Egum (lánga lægis)
lidrœkjanda frœknum
(hyrstrídir braut heidni)
hjálmraunar þat launa.
Hríngs hefir þarfastr þengill
þrymdraugum sá bauga
(herr nýtr hodda þverris)
híngad nordr um-ordinn [2]).

15. Öll var hrædd vid hollan
hrafni elgbjód stafna
(vítt baud ödlíngr ýtum)
óþjód (sidu góda).

[1]) *vard, afskr.* [2]) *ordin, afskr.; en kannske það egi ad vera ordit.*

---

13. er: rétta, stod, setja réttur vid rádi eins, stydja, bœta rád eins; rítar reyr, sverd.

14. er: hjálmraun, bardagi, hjálmraunar lid, stridsmenn, þess rœkjandi, konúngr. Hríngs þrymr, bardagi, hans baugr, skjöldr, hans draugr (vidr), madr, annars mætti taka saman nýtr bauga. Herr, landslýdr, einsog 13, 2.

Digitized by Google

Þann visso gram Gunnar
grímo fárs, þeir er vâro,
sannmidjúngar svinna [1])
sér leidastan, heidnir.

16. Hreinbyggvir lét höggva
hrófs af mörgum þjófi,
hinn er um hvert rád kunni,
hendr edr fœtr, at bœta.
Hòrvetna lèt hjörva
hrídefiöndum vída-
austr, þeims unnu löstu,
ósid jöfurr kvidjat [2])

17. * * * * tafni.
Hjörr [3]) reid, en sveif sídan
sundvargs bóda mörgum
(hæstr vard geirs at gusti
grams tír) af bol svíri.

18. Firdi hjörr vid herdar
haus; sagdi frid lausan
dylgjo reyr id dýra
(drósk álmr fyrir gram [4]) hjálmi.

[1]) *betr kynni eg við svinnan.* [2]) *hér vantadi tvö blöd í skinnbókina.* [3]) *orr, afskr.* [4]) *grams, afskr.*

---

15. er: Gunnar gríma. hjálmr, hans fár, bardagi, hans sannmidjúngar, menn.

16. er; hrófs hreinn, skip. Hòrvetna, hvarvetna, einsog hotvetna f. hvatvetna. kvidja, banna.

17. er: sundvargr, skip, þess bodi, madr; svíri er hér höfud.

18. er: dylgja, ófridr, stríd þess reyr, sverd.

Digitized by Google

Norn kom flærd at fjörnis
[fólktjald rufu] skjaldum [1])
(sár frá ek snörpum dreyra
seggjum) [lángbards eggjar].

19. Frægs stillis vard falla
ferd [2]), en (beitt var sverdum;
endr kom brúnt á branda
blód) vard autt um gódan.
Auk [3]) und jöfri frœknum
Ormr hraudst; en felt raudu
Eiríks hird, ádr yrdi
jarls rád fyrir hjarli.

20. Hrafngreddir stód, hoddum [4])
hættr [5]), jafnt sem ætti [6]),
linns í lyptíng sinni
látrkœnn, fjör þrennin [7]).

[1]) *skjaldir, afskr.* [2]) *frid, afskr.* [3]) Þ. *e. ok* [4]) *hoddan, afskr.* [5]) *hattr stód, afskr.* [6]) *atti, afskr.* [7]) *þrenni, afskr.*

---

Norn fjörnis (hiálms) öxi; flærd, skadi. Fólktjald, skjöldr. Lángbardr, sverd.

19. er: ferd, lid. Falda (feld, felt, faldit), sama sem falda (faldadi, faldad): falda raudu, hafa raudan höfudbúníng, hèr, ad fá höfudsár.

20. er: greddir, sá sem gerir grádugan, í hermanns kènníngu; hoddum hættr, mildr af gulli; linns látr, gull. Þrennin, þrenn, þrjú.

Digitized by Google

Yggs þikkjumst ek ekki
ógnblíðustum síðan
hjaldrs frá hoskum gildi
hafa sannfregit annat.

21. Gladdr sté jarl á eyddan
(el vigra þraut [1]) sigri
grimmr með gengi framlikt
Grábak móins akra [2]).
Lét ófám [3]) ýtis [4])
elds lödar hal daudum
vitr af vanar otrum
verdúng á kaf [5]) stúngit.

22*). Skaut á grœnt með grjóti
grár ægir ná sárum
(lágu lidsmenn bjúgir)
land (sem brúk [6]) um strandir).

[1]) þaut, afskr. [2]) vakra, afskr. [3]) ófáin, afskr. [4]) ýtir, afskr. [5]) kaf, afskr. [6]) brukk, afskr.

*) Mér finnst náttúrlegra, að 23. vísan standi hér, en þessi þarnæst.

---

21. er., vigr, spjót, el vigra, orusta. Grábakr, ormr; hér, ormrinn lángi, móins akra (gulls) grimmr sama sem þoddum hættr. 20. Lödar (ladar) eldr, gull. Verdúng, hird. Vânar (ár) otr, skip.

Digitized by Google

En fjadrdekkum flokkum
flugu hrafns at þar [1]) nafnar;
skygnum [2]) skæða sögnum [3])
skógs háng var þángat.

23. Ok andvönum [4]) Endils
ítrskíd á [5]) dreif sídan
sannjördúngum sennu [6])
sveif hundrudum undir:
sva at glójardar gerdi
gylfa skíds (um vídi
búkr hné margr ᛋ fyrir mæki)
meinfært [8]) um lög hreinum.

24. Slód drap svángt [9]) til grædis
(sá vargr [10]) rekinn margan
höggvinn mann or hrönnum [11])
hlaupstód [12]) jötuns [13]) módor;

[1]) *þvi, afskr.* [2]) *skygn um, afskr.* [3]) *sognum, afskr.* [4]) *andvonum, afskr.* [5]) *ítr skída, afskr.* [6]) *sannjördúngum seima, afskr.* [8]) *meinnfært, afskr.* [9]) *svángt, afskr.* [10]) *varg, afskr.* [11]) *hrönnum, afskr.* [12]) *hlaupstód, afskr.* [13]) *í túns, afskr., ógl'ögt í skinnbók.*

---

22. er: skæda sagnir skógs, skógarins skædu flokkar, úlfar; háng, lyst, laungun, á dönsku og þýzku Hang, ensku hank.

23. er: Endils skíd, skip; njördúngar sennu, stríðsmenn. Glójörd gylfa skíds, sjór, hans hreinn, skip; meinfært, torfært.

24. er: hlaupstód jötuns módor, úlfar;

Digitized by Google

Fœtr [1]) bar fálu sóti
(fjörrán) í val grána
(ádr beid herr [2]) fyrir haudri);
húngrtraudr en frá rauda.

25. Nádi jörd ept ordna
Eiríkr þrimo geira;
hans rádum vard hlýda
hverr brimröduls þverrir [3]).
Hnípti drótt ok drúpti
(döpr þjód var þar), Fróda,
fold, þann er flest gaf höldum
fagrbygg, of [4]) son Tryggva.

26. Borit hef ek hródr, en hjörva [5])
hóf samdi vel, lófa
elda, þeys, fyrir áso,
ítr, mestr at hlut flestum.
Adr mun, óss en glóda
elris [6]) þreyk [7]), at veikum [8])
greppr, megi öllum yppa,
örnfljótr [9]) brag þrjóta.

[1]) ~~fótr, afskr.~~ [2]) ~~þjód, afskr.~~ [3]) *þverir, afskr.*
[4]) *ok, afskr.* [5]) *hjörfi, afskr.* [6]) *ellris; afskr.*
[7]) *þrekk eda þrekk, afskr.* [8]) *veikum, afskr.*
[9]) *ornfljótr at, afskr.*

---

fálu sóti, tröllkonu hestr, úlfr; gránn, grár.

25. er: brimrödull, gull, þess þverrir, madr; fagrbygg Fróda, gull.

26. er: eldr lófa, gull, þess áss, madr; hjörva þeyr, orusta; óss glód, gull, þess elris (vidr), madr; þreykr, þrek, hreysti. bragd.



Digitized by Google

27. Furr lètu frœkna gjörva
fenskúfs vala benja [1])
frídri [2]) skáld um fœdi
fagrbjórs en vèr tókumst.
Eygi fleygs fyrir því þeygi
þann vissa ek hlun manna
geirs frá geymi-árum
* * * * * * * * * [3]).

28. Veittu þess, er vída bœtti
vârt edli, stad bjartan,
heilagr Kristr, ok hæsta [4])
hlíf þjódkonúngs [5]) lífi!
Þvíat skýtjarnar [6]) skreytir [7])
skíds Olafi frídri
vögnu [8]) láds und vídu
verdr aldregi tjaldi.

[1]) *beima, afskr.* [2]) *fridri, afskr.* [3]) *Þetta visuord vántadi í afskr.* [4]) *hæsti, afskr.* [5]) *Þjódkonúngur, afskr.* [6]) *skyrarnar, afskr.* [7]) *skrýtir, afskr.* [8]) *vognu, afskr.*

---

27. er: benja völr, sverd, þess fen, blód, þess skúfr, hræfugl, hans fœdir, hermanns kénníng.

28. er: skýjörn, regn, þess tjald, himin; vögnu lád, sjór (7, 7), hans skíd, skip, þess skreytir, madr.

---

Digitized by Google

# ÞESSAR VÍSUR

## má svo fœra til rétts máls.

1. Ek bid einn yfirhilding aldar hverrar ættar, þanns stýrir mestum mætti, beina mèr hródtölu: þvíat ek skal, gud drottinn, vanda brag þínum veglyndum vin, þeim er baud ótta fögrum bjartleyg Rínar.

2. Mætt snjallr stólkonúngr sólar hefir látid mik verda minna bragar en sómdi sverdels þolli; þó vil ek smída lof ítrum þróttar skýa eldveitanda, þeim er engr beima var alfrídri.

3. Ungr vördr ýta, sá er efndi œskigaldr stála vid aldir í Gördum, var nefndr Olafr fyrir mèr. Hafs eldstökkum sásk ekki, nema öll heims bygd hygdi vel snjöllum hilmi jöfra, syni Tryggva (*eda:* sákk ekki, nema öll heims bygd hygdi vel snjöllum hafs-eldstökkum hilmi jöfra, syni Tryggva),

4. Rádfimr audmildr reggstrindar jóskreytandi bad snimma ýta bera raudar randir á skip. Framr konúngr reist foldar hríng bördum til fengjar frá fóstrjörd, en gódar sýgjur könnudu flód.

5. Vídfrægr varga nistir hèlt lagar skídum vestr á vit Englands; ár raud úngr branda í þeirri. Errinn ödlíngr vann fyrr efnda hefnd síns födur, en fengi Noreg; eingr harri var dýrri hilmi.

6. Rjódr víga bords, sá er vann mikla rausn, rak hernad vestr med gengi þjódar, ok fèkk erni verdar. Ek frá endr brendar borgir á Irlandi, þar er vígmódr vísi um-kom glódum; brandr gall, vè blèsu.



Digitized by Google

7. Ból brunnu, en armir Skotar runnu til skógar; gnógr limgarmr vann lýda sveit böl, ádr lètti. Ok heidinn vápnbautinn herr, um-eignadr Gauti, fèll vítt fur þverri vögnu hrynslódar elda.

8. Lista snarr sárlóms mötodr bar sigr or hverri rómu; randa hreggbjódr gekk hæst, hvar lands er kom. Gnóg vist var vel ok drengila fengin margspám grám vargi, ádr mærr mildingr fœri vestan.

9. Ádr yngvi kom austr þingat, frá ek jarl flœdu af hjarli; kœnn Kristr tœdi gram med hreinum krapti. Þá lèt ógnmildr ödlingr, sá er gaf hringa, bodna trú öldum; þjód tók glöd vid gódum guds ár.

10. Ætt skatna gekk hardrádum skjaldar hjaldrmagnadi á skotjörd heidis, skreytta fjardar loga. Lofdungr gat ráda lýd ólítt; þá hvarf allr landherr frá vandum sid ok nítti illum godum.

11. Ok elbodi Göndlar, sá er gaf gumnum brinnandi lautar glólista, vann kristin fimm ljót lönd. Hvern eldá runn viti hjálma þornar, er unni eljon at telja slíkt? Hann var ríkstr konungmanna.

12. Hraustr stýrir hlífar þeys stekkvi-fýra stalls vann kristnad Hjaltland, sem Eyar ok allan Noreg. Gunnblídr vegsamr gœtir hringa vallar gat sídan komit vængjum-ramri trú á Grænland.

13. Ógn stód vítt af ýti orms vallar; vísi baud íslenzkum her halda guds lögum allan aldr. Sva lèt réttdœmr konungr hinn er umvann rjódendr rítar reyrs, settar gódar réttur vid voro rádi.

14. Lægis hyrstridir braut, lánga heidni; eigum launa þat frœknum hjalmraunar lidrœkjanda. Sá fengill hefir um-ordinn (ordit) þarfastr hrings, þrym-bauga dfaugum hingat nordr; herr nýr hodda þverris.

Digitized by Google

15. Öll ó[þjóð var hrædd vid stafna elgbjód hollan hrafni: ödlingr baud ýtum vítt góda sídu. Þeir sannmidjúngar Gunnar grímo fárs, er varo heidnir, visso þann svinnan gram sér leidastan.

16. Hrófs hreinbyggvir, hinn er kunni at bœta um hvert rád, lèt höggva hendr edr fœtr af mörgum þjófi. Hjörva hríd-eflöndum, þeims unnu löstu vída austr, lèt jöfurr hòrvetna kvídjast ósid.

17. * * * * tafni. Hjörr reid, en svíri sveif sídan af bol mörgum sundvargs boda; grams tír vard hæstr at geirs gusti.

18. Hjörr firdi haus vid herdar: id dýra dylgjo reyr sagdi hjálmi lausan frid: álmr drósk fyrir gram. Norn fjörnis kom flærd at skjaldum: lángbards eggjar rufu fólktjald; ek frá sár dreyra snörpum seggjum.

19. Sverdum var beitt: brúnt blód kom endr á branda; ferd frægs stillis vard falla, en autt vard um gódan. Ok Ormr hraudst und frœknum jöfri; en hird Eiríks felt raudo, ádr jarls ràd yrdi fyrir hjarli.

20. Hoddum hættr hrafngreddir linns látr-kœnn, stód í sinni lyptíng, jafnt sem ætti þrennin fjör. Ek þikkjumst ekki hafa sannfregit annat frá hoskum ógnblidustum gildi Yggs hjaldurs.

21. Jarl, grimmr móins akra, gladdr sigri, sté á eyddan Grábak med framlikt gengi; el vigra þraut. Vitr verdúng ýtis lödar elds lèt stúngit ófám daudum hal á kaf af vanar otrum.

22 (23) Grár ægir skaut sárum ná á grœnt land med grjóti; lidsmenn lágu bjúgir um strandir, sem brúk. En nafnar hrafns flugu fjadrdekkum flokkum þar at; skygnum skæda sögnum skógs var háng þángat.

Digitized by Google

23 (22). Ok andvönum sennu sannjördúngum sveif sídan hundrudum á dreif undir ítrskíd Endils, sva at hreinum Gylfa skíds glójardar gerdi meinfært um-lög; margr búkr hné fyrir mæki um vídi.

24. Svángt hlaupstód jötuns módor drap stód til grœdis: vargr sá margan höggvinn mann rekinn or hrönnum. Fálo sóti bar grána fœtr í val, en rauda frá, húngrtraudr; herr beid ádr fjörrán fyrir haudri.

25. Eiríkr nádi jörd ept ordna geira Þrimu; hverr brimröduls Þverrir vard hlýda hans rádum. Drótt hnípti ok fold drúpti of son Tryggva, Þann er gaf höldum flest fagrbygg Fróda; Þar var þjód döpr.

26. Ek hef borit hródr fyrir Aso lófa elda; en hjörva Þeys ítr, mestr at flestum hlut, samdi vel hóf. Örnfljótr greppr mun ádr Þrjóta at veikum brag, en megi yppa öllum Þreyk óss glóda elris.

27. (verdr ei fœrd í röd, Því, 4da og 5ta vísuordid mun vera rángt, og Þad 8da vantar).

28. Heilagr Kristr! veittu lífi Þess þjódkonúngs, er vída bœtti vart edli, bjartan stad og hæsta hlíf! Þvíat aldregi verdr skreytir vögnu láds skíds frídri Olafi und vído ský-tjarnar tjaldi.

Digitized by Google

Digitized by Google

Þann 29da Janúarii 1832 verdr hátíd haldin af Bessastada Skóla, í minníngu fœdíngardags vors allranádugasta Konúngs FRIDRIKS SJÖTTA; bidjum vèr Því, med Þessu bodsriti, audmjúklega og ástsamlega Skólans Forstjóra og adra Skóla vini og velunnara, ad Þeir vilji ásamt med oss Þessa hátid halda Gùdi og Konúngi vorum til verdugs lofs og heidrs.

Bessastödum Þ. 2. Jan. 1832.

Digitized by Google

# Skóla Hátíd

í minningu

Fædingardags

vors allranádugasta Konúngs

# Fridriks Sjøtta,

þann 28da Januarii 1837,

er haldin verdur þann 29 Januarii 1837,

bodud af

Kénnurum Besaastada Skóla.

---

## Forspiallsliód

útgéfin af

Hallgrimi Schéving *Dr.*

---

Videyar Klaustri, 1837.

Prentud af Prentara Helga Helgasyni,

á kostnad Besaastada Skóla.

Digitized by Google

Digitized by Google

Fyrst kom kvædi þetta á prent í fyrsta parti Sæmundar eddu í 4ra blaða broti, sem prentud var í Kaupmannahöfn 1787 ad tilhlutan þeirrar svokölludu nefndar Arna Magnússonar. Síðan var það ad nýu prentad í þeirri útgáfu Sæmundar-eddu, sem Rask var höfundur ad, og prentud var í Stokkhólmi 1818. Af því kvædi þetta, sem er eitthvert af þeim torskild-ustu í Sæmundar eddu, bædi er hinum kvædonum ad ordfæri og medferd efnisins nærsta ólíkt og finnst þarad auki hvergi, nema á pappírs handritum, þá hélt G. Magnæus kvædisins fyrsti útleggjari, það ekki vera ort af Sæmundi Fróda, sem hann ímindadi sér ad væri höfundur hinna kvædanna, er finnast í svokalladri Sæmundar eddu. En Professor F. Magnusen leitadist vid í fyrsta bindi hans dönsku útleggingar Eddu hinnar eldri, sem prentud var í Kaupmannahöfn 1821, ad hrekja Magnæi meiníngu. Segir hann bl. 210 sér leiki á því, enginn efi ad kvædid sé gott og gamalt. Svenskur madur Afzelius ad nafni, sem ritadi formála á latínu fyrir Sæmundar eddu þeirri, sem Professor Rask lét prenta í Stokkhólmi, segir menn greiníst á um það, hvort kviðurnar í Sæmundar eddu séu upp-



Digitized by Google

runnar í Austurálfunni, eda á Nordurlöndum, en sjálfur kvedur hann uppúr med þad, ad þær muni vera upprunnar í bádum stödum, ségir hann svo trúliga frá vidburdum sagt, og þeim svo náttúrliga lýst í Vøluspá, Vafþrúdnismálum, Grímnismálum, Alvismálum, Hrafnagaldri og Vegtamskvidu, af hvørjum ausa mégi, sem hinni tærustu lind, skáldanna gudafrædi, ad þau beri sjálf vitni um þad, ad þau séu upprunnin í Austurálfunni. Má af slíku sjá: ad Afzeliusi ekki hefur fundist Hrafnagaldur úngligur. Martín Hammerich, í hans ritlíngi um Ragnaroksmythen, sem prentadur var í Kaupmannahøfn 1836, ségir á 9du bl., ad Hrafnagaldur mégi fyrir þá søk heita Forspjallsljód, ad hann sé sem nokkurskonar inngángur til efnisins í Vøluspá, samt sé hann audsjáanliga miklu ýngri enn hún.

Eins og vér nú høfum sjed, ad þeim, sem nokkud hafa féngist vid Hrafnagaldur, ber ekki saman um aldur hans, eins kljúfast meiníngar þeirra um tilgáng kvædisins. Síra Gunnar Pálsson heldur ad íllsvitar þeir og áhyggjur, sem kvædid umgétur, og frestan áformadrar yfirvegunar til nærsta dags, þá engin svør-høfdu féngist hjá Idunni um þad, hvad umgétnir íllsvitar mundu boda, og lýsíng nærsta dags birtíngar, hafi alt tillit til Baldurs feigdar, og falli seinasta eyrindi Hrafnagaldurs ágjætliga vid fyrsta eyrindi Vegtamskvidu, svo ad líkur séu til, ad því, er í øndverdu var eitt kvædi, hafi rángliga verid skipt í tvø. Þessa meiníngu

Digitized by Google

brítur Magnæus niður með fleiri röksemdum, sem of langt yrði hér að tína, en sú helsta og sterkasta, að mér finnst, er sú, að Vegtamskviða, hvað efni og orðfæri snerti, sé all-ljós og efnið vanti ekkért til þess að samsvara höfundarins tilgángi: en Hrafnagaldur sé, bæði hvað orðfæri og setníngarskipan snerti, óljós, og efnið eða aðal innihaldið hulu sveipað og hirðulausliga frá því skýrt, en vandliga og með ordamælgi frá því sagt, er ómerkiligt sé; sjái hann því ekki minnstu líkindi til þess, að tvö, svo ólík kvæði, séu partar eins og sama kvæðis. En meiníng Magnæi sjálfs um kvæðið er þessi: „að það vanti upphaf og enda, en aðalefni kvæðisins, meðan það var með heilu líki, hafi verið þetta;" „að íllir og leyndardómsfullir fyrirboðar, sem Æsir hafi gjört sér mesta far um að fá skilið og ráðið bót á, hafi gefið tilefni til þess, að Idunn kona Braga, sem geymdi óðaudleikans epli, kom til Ása og var tekin í þeirra félag."

Hvað innihald kvæðisins snertir, þá hefur Prófessor Magnusen fallist á meiníngu Síra Gunnars Pálssonar, svo að hann hikar sér ekki við í ádurnefndri Eddu útleggíngu bl. 209 að segja: „að eptir líkindum sé Hrafnagaldur ortur af sama manni og Vegtamskviða, og heldur eins og Síra Gunnar Pálsson, að Vegtamskviða taki þar við sem Hrafnagaldur hættir. Hér að framan hefi eg getið Hammerichs ritlíngs um Ragnaroksmythen, gétur hann í riti þessu bl. 130 þess til: „að ímyndan manna um það, hvernig Æsir

mundu hafa mornad og þornad af ótta, þá þeir harm, udu útaf Baldri og sjálfum sér, hafi komid heim til ad búa til sœguna um fjarlaging Idunnar og epla hennar frá Asgardi, ádur enn svo fœri, ad saga þessi yrdi ummyndud í saurlífis œfintýri. Pannig ségir hann þad líti út sem farid sé med sögu þessa í Grafnagaldri, þar kvædid láti Ása, þegar þeir vóru hugsjúkir af því, ad þeir mundu lída undir lok eins og Baldur, og vildu vita hvad fyrir þeim lœgi, leita til Idunnar konu Braga, er ádur var vön ad ýngja þá upp, en sat nú hjá Nótt Njørvadóttur, sem bandingi. Og á bl. 153 ségir hofundurinn, ad Valva sú, sem ordid framflytur í Vøluspá, ségi frá eins og í rádgátum fyrirbodum ragnarokkurs enum sømu og þeim, sem í Grafnagaldri fá gudonum áhyggju og gjora þá laungunarfulla eptir því ad vita hve leingi heimurinn égi ad standa.

Til þess ad ødlast þá vissu um aldur kvædis þessa, sem audid kann ad vera, þyrfti ad grafast eptir því, hvar þess er fyrst gétid, enn því gét eg ekki vidkomid. Ad þad hafi verid til á dögum Páls Vídalíns, er samtída var Assessor Arna Magnússyni, sjest af því, ad í Eddu, sem Séra Gunnar Pálsson hafdi, skal Páll Vídalín vid kvædi þetta hafa skrifad þessi ord: „þad eru Forspjallsljód" og veit Séra G. Pálsson ekki hvort Logmadurinn er sá fyrsti, sem kallad hefur kvædid þessu nafni. G. Magnæus í formála hans fyrir kvædinu gétur þess, ad skáldid Eiríkur Hallsson í Høfda, er lifad hafi á midri 17du Øld, hafi feingist vid kvædi

þetta í 10 ár, og eptir þann tíma sagst lítið eda eckért í því skilja.

## Innihald Kvædisins.

Eptir fyrsta eyrindid, sem mér virdist mégi heita nockurskonar Forspjall þess, sem á eptir kémur, og af hvørju ske má ad kvædid hafi feingid þad nafn ad heita „Forspjallsljód" byrjar med ødru eyrindi kvædisins eginlega innihald og framhelst, ad mér finst ósundurslitid alt til enda. Efni sjálfs kvædisins er þetta: "Þad var illa stofnad af Ásum, ad láta Urdi geyma ódhræris, af því hún væri megnug um ad verja hann fyrir sem flestum; því af þessu leiddi þad, ad menn slógu því úr huga sér, ad leita til hennar, og var mønnum þó grunur á, ad einhvør ógjæfa mundi vera í vændum, af því myrkrir og illir draumar stódu þeim fyrir svefni, er þad sægdu, „ad asi drægi úr dvergum, (meinast þeim sem héldu himninum uppi, samanber Sn: Eddu bls. 9du, ditti svo himininn ofaná jørdina og vid þad færi svo) ad heimar sycki nidur á ginnúngagapi, hefdi svo (jøtuninn) Alsvidur þá fyrir leiksopp sinn: jørd og sól héldust aldrei á sínum stødvum, aldrei linnti stormum og eldingum í loptinu, en mennirnir skinjudu eckért hvad þetta bodadi, því vissa þeirra um þad feldist í hinum tæra Mímis brunni. Loksins lætur skáldid draummanninn dvarpa dreymendurna med þessum ordum: „vitid þér enn eda hvad" sem tekin eru úr Vøluspá.

Hérептir fer skáldid ad skíra frá því, hvørr ódhræris

is hafi gætt á undan Urdi, og hvørnig med hann hafi verid farid. Þetta var hin forvitna dís Idun, sem var Alfa ættar, og ýngst af ellri børnum Ivalds. Hún er hnígin frá yggdra-sillsaski og komin til Nætur Njørfa-dóttur, dvelur hún þar í djúpum dølum og unir ílla ofankomu sinni, því hún átti ádur ódauflegri hibýli. Gudinn ad Odins-sølum sáu sorg hennar og sendu henni úlfsham; hún fór í hann og vid þad vard hún breytilig í skapferli, hafdi nú gaman ad lævísi og skipti litum edur útliti. Þá hún hafdi tekid slíkum háttaskiptum, sendi Odinn Heimdall Bifrastarvørd, til þess ad frétta hana eptir hvørt hún vissi allt þad er heimum vidkæmi, en Bragi og Loki áttu sem vottar ad hlýda á tal þeirra. Sendimennirnir fara í gandreid til sala næturinnar og gala galdra á leidinni. En Odinn hlustar til á medan í Hlidskjálf, en létst þó vera hvørgi nærri. Hinn vitri guda brúar- (ɔ: Bifrastar) vørdur og førunautar hans fréttu Idunni eptir, hvørt hún vissi um uppruna, aldur og endir, sólar heims og Heljar ríkis, en hún gat þeim engu ordi svarad, heldur sat hnípin, enn grét þó ekki annadhvørt af því hún hélt táronum aptur med vilja eda vegna þess hún var ordin tárþrota. Þeim þremur gudum, sem til frétta vid hana vóru sendir, þótti hún vera einsog svefuþrúnginn madur og geingu því fastara á hana, sem sídur var af henni svør ad fá; en þeir eyddu ordum vid hana til ónýtis. Nú fór Heimdallur heim aptur og hafdi Loka med sér, en lét Braga vera eptir til þess ad gæta

Digitized by Google

Idunnar. Þeir Heimdallur og Loki fluttuſt á vængjum -vindanna uns þeir komu til Vingólfs, gánga þeir þegar inn, og kvedja Æſi, ſem þá ſátu med Odni vid alreiti. Spurdu hin háu god Heimdall, en Aſynjurnar Loka, margs um þad, hvørt þeir yrdi nokkurs viſir af Idunni, gékk þetta frammá qvøld þartil húma tók. Þeir kvádu þad ordid hafa eyrindisleyſu, og ſøgdu; ad eigi mundi audveldt ad koma ſvo máli ſínu vid Iduni, ad hún neitti andſvør. Odinn ſvarar: hugſid ydur um gód rád oſs til handa, — „því nótt ſkal nema til nýrœda.“ — Þegar komid var ad ſólarlagi, géngu godin frá gyldinu og qvøddu þau Odinn og Frygg. Hér á eptir kémur lýſing ſólarinnar uppkomu, ſem fyllir upp 24 eyrindid, en þad nœſta þará eptir, lendir alt í því, ad ſegja frá því, ad gýgjur og þurſar, draugar, dvergar og dyrkálfar hafi farid ad hátta undir ytſtu rót aſks yggdraſils, og lokſins endaſt kvædid med því, ad godin hafi farid á fœtur, ſólin hafi komid upp, en nóttin farid nordur til Niflheims, og gudanna hornþeytari Heimdallur hafi tekid lúdur ſinn, likliga til þeſs ad bláſa gudonum til þings.

Margt er undarligt í kvædi þeſsu, fyrſt er þad: ad Urdr, ſem átti ad hafa ſitt adſetur vid Urdarbrunn, á himnum ſkyldi ſá ódhrœri, ſem ſtód í Asgardi, til vøktunar: þarnœſt er þad, ad búid er ad umſkapa ódhrœris ſkáldamjød í forlagamjød, edur þann mjød, er mønnum veiti þekkingu um hid ókomna. Má þetta ráda af því, ad ſvo bregdur vid, ad undireins og for-

laga norna Urður, sem varið gat óbhræri fyrir flestum, hefur feingið hann til umráða, þá fá menn vonda drauma og grun um yfirvofandi ógæfu, án þess að vita hvor hún er. En þó mér virðist, sem hér sé búið að gjöra óbhræris skáldalög að forlagamiði, sýnast mér eigi að síður líkur til, að hann hafi medfram haldið sínum fyrra kosti, að veita þeim andagipt til skáldskapar, sem af honum drakk; en það mun ekki hafa átt að hlotnast morgum eptir það hann komst í Urðar geymslu. Að mjöðurinn við breitinguna ekki hafi mist sinn fyrra krapt, ræð eg af því, að kérið er hann geymir, heldur ennþá sínu forna nafni, og líka af því, að mér sýnist audráðið af 6ta eyrindinu og samfellu efnisins í öllu kvæðinu, að Idun kona Braga, er skáld var með Ásum, hafi gætt óbhræris á undan Urði. En nú kynni einhvorr að spyrja, hvornig gat hafundi kvæðis þessa dottið það í hug, að umskapa skáldamjöðinn í forlaga- eða spádóms-mjöð, eða að láta hann hafa báða þessa kosti til að bera; vælfur og spásagnamenn norður-búa þurftu þó ekki að vera skáld til þess að þykja góðir í list sinni, og sjaldnast veitti þessi lýður fréttarmönnum andsvor sín í ljóðum? Mér sinst þau svor liggja til þessa: að skáldið hafi heyrt eitthvað eða lesið um eina eða aðra útlenda þjóð, hjá hvorri, spákonur ætíð hafi spáð í ljóðum, og hafi það komið skáldinu til þess að breita miðinum eða magna hann með nýum krapti. Hafi skáldið lifað eptir það kristni var komin í norður-lönd, og kunnað latínu og að því sýnast mér margar

líkur í kvæðinu láta — þá gat hann frædst um það af ritum Rómverja, án þess að fara lengra, eða latínskum ritgjörðum munkanna, að hin Delphiska Pythia gjarnast veitti goðasvör í ljóðum sem og margar af Sibillonum. Nú hefur skáldið haft einhvörn sérligann tilgáng með það, að vilja búa til úr Iðuni nockurskonar Pythiu, þurfti hann þá ekki annað enn gjöra skáldasmiðinn líka að forlaga eður spádómsmiði, var Iðun þá undireins ordin bædi skáldkona og spákona, ef hún gat eda átti heimilt að bergja á miði þeim, er hún geymdi. En nú sýnist mér ráða meiga af ástandi því, sem 6ta eyrindið lýsir að Iðun hafi verið komin í, og sök þeirri, sem þar er með einu ordi tilbendt, að hún hafi til þessa haft, að það hafi ekki svoleiðis verið af eptirhermu laungun, að skáldið vildi búa til einskonar Pythiu úr Iðuni, svosem til þess að sýna á henni, hvörs slíkar drósir væru makligar. Ordatiltækið "forvitna dýs" í 6ta eyrindi, bendir til þess, að miðdegisgeymslan hafi ekki verið annað enn tálbiti ætladur henni til falls, og að hún hafi látið gynnast á ágni þessu, og henni því verið út snarað í hin ystu myrkur, viðlíka og hinir kristnu rithöfundar láta fara fyrir himni Delphisku Pithiu á Augústi dögum, þá Kristur var fæddur. Þessi skodunarmáti kémur vel heim við það sem mér finst vera adal tilgángur kvæðisins, hvörs síðar skal getið. — En nú kém eg til nýs atriðis í kvæði þessu, sem og svo má sýnast undarligt, sem er það, að það lítur svo út sem gudin, í því haug vildu byrgja

forlaugin fyrir mestum þorra, hafi líka byrgt þau fyrir sjálfum sér. Af þja eyrindi má þad ráda, ad med því sem kvædid kallar mestann þorra, meinast mennirnir, og ad þad hafi verid þeir (þ: mennirnir) sem Æsir vildu byrgja forlaugin fyrir. Því hvad átti þad vid efnid, ad fara undireins og búid var ad tala um hulníng forlaganna, ad segja frá því, ad menn hefdu feingid vodaliga drauma og kvida fyrir einhvørri yfirvofandi ógjæfu, ef þad flaut ekki af því ad hulníngin var mannanna vegna gjør. En þad ad mønnum brá svo vid, er ecki undarligt, því þeir sem eru of sljóskignir til ad sjá samleik þess forna spakmælis, „ørlog sín viti enginn fyrir „þeim er sorglausastur sefi" (Hávamál 51ta eyrindi) eda hitt „gladur ad mørgu þókta ek gumnum vera af því ad ek vissa fátt fyrir (Sólarljód 35ta eyrindi) og ad forlog manna eru best geymd hjá þeim sem þau eru geymd, þeir vilja gjarna vita þad fyrir hvad yfir þá á ad koma, helst ef þad er hættuligt, því þeir halda þeir géti annadhvørt búid sig undir þad eda umflúid þad, því sú sé hættan verst sem komi flatt uppá mann. En því til styrkíngar, sem eg hvarf frá, ad Æsirnir hafi hulid forlaugin fyrir sjálfum sér, í því þeir vildu hylja þau fyrir mønnum, er þad, ad nokkru eptir þad, ad Urdur hefur tekid vid óðhræris gjætslu, sendir Odinn þrjá af Æsum til frétta vid þá útsnørudu Iduni. Þessa þurfti hann ekki vid, ef honum var greidur adgángur til forlaganna þekkíngar hjá Urdi. Pad lítur því svo út, ad hún hafi varid óðhræri fyrir honum eins og

Digitized by Google

ódrum, og er þetta að ætlan minni bragð skáldsins til þess að gjöra óframsýni Odins og hinna Ásanna hlægiliga, að þeir skyldu fá heim í hendur gætslu forlaganna, sem heim var slíkur ofjarl við að fást. Annað bragð hefur skáldið við til að géra heimsku gudanna hlæiliga. Hann lætur þá, þegar í þetta ófni var komið fyrir heim, hugsa, að þó þeir séu búnir að byrgja uppheima forlaga lind, þá standi þó sú enn þá opin, sem á neðri byggdunum var, enn hitt lætur hann þeim ekki koma til hugar, að ekki er nema ein forlaganna uppspretta, og þegar hún er byrgð, teppast allar æðar er þaðan liggja. Skáldið vissi það vel, að ef Urðr gætti dyggilega óðhræris, mundi gudirnir lítið fræðast af Iðuni, sem reynslan líka sýndi: en skáldinu þikir ekki að um það, þó gudirnir gjöri ferðina til ónýtis og reki sig þannig á heimsku sína; og til þess að gjöra gudina enn hlæilegri, lætur hann þá reyna til að búa til úr Iðuni galdranorn, og þá líka spánorn, eður að magna hana, til spáleiks, fyrst með því að senda henni úlfsham, síðan með því að ríða gøndum til hennar og gala galdra á leiðinni, enn alt til ónýtis; en það undarligasta er að Bragi maður Iðunar er sá þriðji í þeirra flokki, er slík galdralæti hafi í frami. En það er skáldinu ekki nóg að láta gudina bera sig svo til, eins og þeir væru heimskir, hann fer líka svoleiðis með þá eins og þeir væri grimmir og ránglátir. Hann dregur þannig í hlé það sem Iðun hafði til saka, vegna hvørs hún ecki að eins var svipt óðhræris gætslu heldur þará ofan

Digitized by Google

keyrd nidur til næturinnar dimmu og daufligu híbýla, ad þad lítur eins út og hún hafi mætt slíkri medferd fyrir sakleysi. Þad er einasta eitt tillagsord, sem skáldid brúkar um hana í 6ta eyrindi, hvar hann kallar hana „forvitna dýs" sem gétur vakid hjá lesendonum þann grun ad hún hafi haft nokkud til saka og ad henni vegna forvitni sinnar ekki hafi farist øllu betur ad geyma ódhræris, en nunnonum øskjur Páfans í søgunni (Sjá Kvøldvøkurnar 1. B: bl: 131). Eitt af því er heldur undarligt má vyrdast í kvædi þessu, er þad: ad þegar Idun fær úlfhamssendínguna frá gudunum og med sendíngu þessari þá gáfu, ad hún gétur breytt sér í ýmsar mindir, þá er hún daud, og má þad af þessu ráda: 1) ad hennar líf er eins og skuggalíf, hún grætur ekki og er þó syrgjandi, hún svarar ekki þó á hana sé yrdt og hún er einsog sofandi madur. 2) Þad er eins ad ordi kvedid í 10da eyrindi um ferd sendigudanna til hennar, einsog hún væri komin í dandra ríki. 3) af 7da eyrindi sést, ad hún er komin til Nætur dóttur Njørfa jøtuns, og aptur af því 26ta, ad þegar Nótt fer heim til sín, þá sækir hún nordur ad Niflheim, hvar Hel á ad byggja.

Eitt af því sem mér virdist nætsta undarligt, er þad: ad skáldid skyldi láta Odinn fenda 3 af Asum til nedri bygdar til frétta vid Iduni, þar Odni var þó eigi vorkun á ad vita, ad Idun lifdi ekki leingur sínu fyrra lífi; og því skáldid lét Odinn ekki heldur géra sér hægra um hønd og vekja Iduni upp eins og draug. Odinn vakti þó stundum upp, hvørt heldur

var, banda menn úr jørdu, ad vitni Snorra í Inglínga-søgu 7. Cap. Mér dettur ad sønnu í hug, ad skáld-id hafi fyrir því ekki viljad láta Odinn brúka þessa ad-ferd, ad Idun var ekki í jørd grafin, heldur henni af himni útsnarad til nedri bygda: en þó er eg hrædd-ur um ad þetta sé vdruvís undirkomid: eg held nefni-liga: ad skáldid hafi viljad laga þetta eptir því, sem ségir í 8da og 9da eyrindi í Vegtamskvidu, og sem gjørir mér þad kvædi nokkud grunsamt, ásamt því ad mér finnast fyrstu 5 eyrindin vera heldur únglig*). Þar ségir nefniliga: ad þegar Odinn kom ad heljar ranni, hafi hann ridid fyrir austan dyr, þar sem hann hafdi vitad af Vølu leidi, kvedid yfir henni galdra, og med því fengid hana til ad rísa upp og veita sér andsvør um þad, er hann vildi frædast af henni. Ad Odinn skyldi finna Vøluleidi hjá Heljar ranni, eins og vølvan hefdi komid til hennar med sínd og líkhama, dáid þar sídan og verid þar grafin og ad Odinn skyldi gjøra sér ferd til nedri heima, til þess ad vekja upp þessa Vølvu og spyrja hana um Baldur. Þetta er mjøg undarligt, en nokkud áþekt þessu er þad sem eg hér um tala í Grafnagaldri. Idun er komin í skuggarikid og lifir þar einasta skugga lífi, svo um hana er sumstad-ar í kvædinu talad, eins og hún væri daud: samt send-ir Odinn 3 af Asum frétta ferd til hennar á þenn-ann stad, og svona áfgkominnar. Ekki eru spurningar

*) Ad ødru leiti finst mér Vegtamskvida vera gott og gamalt kvædi.

Digitized by Google

þær, sem sendimennirnir eiga að leggja fyrir Iðuni, síður undarligar, enn margt annað í kvæði þessu. Eptir því sem í 9da eyrindi segir, eiga þeir að spyrja Iðuni: „hvort hún viti hvívetna heims" og það sama er enn þá greiniligar tiltekið í 11ta eyrindi „hvort „hún viti hlýrnis heljar heims ártíð æfi aldurtíla." Það sem hér er um spurt, neina það eina er viðkémur „æfi „hlýrnis heljar og heims" er svo áfigkomið, að Odinn þurfti ekki að fræðast af Iðuni um það, því hann vissi það sjálfur, og á hinn bóginn mátti hann gánga að því vísu að Iðun mundi géta úr því leyst, samkvæmt norðurlandanna gömlu trú, nema því að eins að hún væri búin að missa minni þeirra hluta er hún vissi í sínu fyrra lífi. Að Odinn ekki hafi þurft sjálfs síns vegna, að láta spyrja Iðuni að því hvarninn heimurinn var til orðinn, má nærri géta af því, að hann, eptir því sem Snorra edda ségir í Gylfaginíng bl. 8. hafði ásamt brædrum sínum skapað hann úr Ymis líkhama, og er sjálfur látinn ségja frá því í 40ta eyrindi í Grimnismálum, hvarnig það hafi tilgéngið. Ekki er heldur annað að sjá af Eddonum, en Odni og hinum Asonum hafi legið það ljóst fyrir, hvarnig heimurinn mundi líða undir lok. Það lítur því svo út, sem Odinn með þessum spúrníngum, hafi einasta viljað freysta Iðunar, en annars vegar er þó ekki annað að sjá af kvæðinu, enn að Odni sé um það ant, og honum þíki sér ríða á því að fá svar hjá Iðuni uppá áðurnefndar spurníngar. Því í 22 eyrindi

Digitized by Google

lætur Odinn eins og honum þiki þess þörf að leikað sé nýrra bragða fyrst ekki dugði við Idunni og biður Æsina, áður gyldinu slíturr, að hugsa um ráð til næsta morgins. Enn hvað gékk á skáldinu til þess að láta Odinn spyrja svo fákænliga ef það var skáldsins meining að láta Odinn ekki freysta Idunar, heldur að vilja frædast af henni. Máské það hafi verið tilgángur skáldsins, að láta samslags fákænsku lýsa sér í spurningum þessum, eins og hann lætur koma í ljós í breitni gudanna. Hafi þetta verið svo, þá hefur skáldið flégið á sinn gamla streing. En þegar það fer að ségja frá heimkomu sendigudanna frá Iduni, slær annur klukka; því þá er gudonum svo lýst, að léttúð er látin vera sameinuð við augnabliks alvorugéfni; því þó ferðin géngi ekki betur enn svo, að þeir sem sendir vóru, kæmu heim með eyrindis leysu, og án þess að hafa frammkvæmt annað en skilið eptir mann Idunar hjá hénni, — lætur skáldið gudina vera eins glaða og alt hefði géngið vel. En þegar þeir í 21ta eyrindi eru spurðir að því hvernig ferðin hafi tekist, láta þeir illa yfir henni og er eins og þeim þiki fyrir því, og er ekki annað að sjá, enn þeir tali án yfirdrepskapar. En svo lætur skáldið þá Æsi, er heima vóru, vera áhyggjulausa fyrir afdrifum ferðarinnar, að þeir setjast að drykkju gyldi meðan á henni stendur, og sitja í því þegar hinir koma heim aptur.

Auk þess aðaltilgángs ferðarinnar, sem eg hefi gétið hér að framan, held eg skáldinu meðfram hafi



Digitized by Google

búid þad í skapi, ad láta Odinn tégja Braga, þó mót vilja sínum, til sama stadar, og hann hafdi komid konu hans.

Tilgángur skáldsins med þad, ad láta kvædid lykta vid þad ad Heimdallur tekur lúdur sinn eins og eitthvad stædi til, án efa þad ef kvædinu hefdi verid framhaldid, ad blása Asum til þíngs, og taka til óspiltra mála, held eg sé sá, ad géfa lesendum ad skylja, ad gudonum hafi eingi þau ráð í hug komid um nóttina, sem gagn væri í og vert sé ad heýra: og er þad því mín meiníng ad ekkert vanti aptanvid kvædid. En höfud tilgángur kvædísins held eg sé ad sýna, ad hvörki stodi framar seidur, (med hvörjum Snorri í Ynglíngasögu Cap. 7. ségir ad Odinn hafi gétad vitad örlög manna og óordna hluti) né þad, ad fara til frétta vid framlidna, til þess ad vita forlög sín. Engar seidkonur géti framvégis med vardlokkum eda urdarlokum lokkad Urdi ad seidhjalli sínum, sídan hún hafi tekid vid gætslu forlaganna, til þess ad halda þeim huldum fyrir ödrum. Med þessu nýa embætti hefur Urdur líkliga mist sitt fyrra embætti, sem var þad ad koma til hvörs barns, er fæddist, og skapa því aldur.

Þegar eg nú loksins virdi þad fyrir mér, hvörnig skáldid lýsir breitni gudanna í kvædi þessu, sýnist mér ekki litlar líkur til þess, ad skáldid vilji gjöra sér gaman ad þeim, og virdist mér þad þá aptur vottur þess, ad sá, sem þetta gjörir hafi verid kristinn, og borid litla virdíngu fyrir þeim gudum, sem hann er ad ségja frá,

af því það vóru heidnir gudir. Eins finnst mér það, hvorn ig skáldið lætur þessa gudi fara med, Iduni, lýsa því, að sú trú, að Idun geymdi ádaudleikans epli, hvorra gudirnir ekki máttu án vera, ef ellimar aumarkar, og seinast daudinn átti ekki yfir þá að koma, hafi verið undir lok liðinn, og er það þá aptur vottur þess, að kvædið er miklu yngra enn hin gudakvædin í Sæmundar eddu og líkligast gjört í kristni. Það styrkir einn ig meiningu mína um það, að kvæði þetta sé yngra hinum gudakvæðunum í Sæmundar eddu, að í því koma fram seinni tíma umbreitingar í vorri gamlu gudafræði, svosem til dæmis það, að í 17da eyrindinu eru Æsir látnir sitja að drykkjugyldi í Vingólfi, sem þó var salur Asyniann.a, en ekki í Valhøll, eins og vera átti, eptir heim eldri Eddukvæðum. En höfundur Snorra eddu, sem þekt hefur nýrstu umbreitingar í hinni heidnu gudafræði, er hér vor besti leidsögumadur. Hann segir oss (Snorra edda bl. 24), að Odinn skipi einhverjum „í Valhøll og Vingólf" og hefir því höfundur þessa kvæðis gétið sér í vonir með það, að Odinn mundi heldur kjósa að drekka þar með Æsum, hvar gydjurnar vóru fyrir að lísga einherja samkvæmid. En það koma ekki eingsta stadir fyrir í kvæðinu er það sýna að það er yngra enn gudakvæðinn í Sæmundar eddu, heldur lýsa því að það er gjört í kristni af heim manni sem þekti nokkud til gudafræði Rómverja og Grikkja, og hefur hann þá eptir líkum ordid að skilja látinu. Þessu til sønnunar færi eg það, að málverk þess kugga-



Digitized by Google

lífs, sem Idun er látin hafa, er búid til eptir Rómverja og Grikkja gudafræði, og er miklu daufara og dádlausara, en heyrir til nordurlandanna gudafræði. Hún lýsir alörei, svo eg viti, í þeim kvædum, sem vér hofum frá heidni, lífi þeirra, sem hjá Hel búa, því hefur hofundur þessa kvædis kænliga fylt þar uppi audt skard. En vor gamla gudafræði hún lýsir lífi Odins einherja og haugbúanna, þeir fyrri berjast sem hetjur, en þeir sídari taka opt svo hraustliga fáng vid lifandi menn er vilja ræna þá fé sínu, ad sigurinn verdur tvísýnn. Annad skard til á gudafræði vorri hefur hofundur kvædis þessa fylt, eptir ádurnefndra hjóda gudafræði. Eptir hinni fyrri er ekki tiltekinn stadur sá hvar Nótt átti ad hafa sitt adsetur, en eptir hinni sídari er það hannig tilgreint, ad Nótt er látin ega heima í daudraríki (orco) enn þó, ef eg mætti svo ad ordi kveda, mannheima megin vid Styx, samanber Virg: Æneid: 6tu Bók vers 390. Hér af kémur það, ad skáldid lætur þá sem sendir vóru til Idunar, og var hún þó hjá Nótt, rída gondum til Heimis ráns eda daudra ríkis *). Hér ad framan hef eg leidt til þess nokkrar líkur, ad það líti svo út sem skáldid hafi viljad búa til einskonar Pythiu úr Iduni, og hafi mér ekki skjátlad í þeirri

*) Hér ad ofan er á það vikid ad hofundur Hrafnagaldurs hafi fylt upp 2 skord í vorri heidnu gudafræði, med því, er hann fann fyrir sér í hinni rómversku og grísku. En hann hefir paradauki fylt uppi þridja skardid úr brjósti sínu, þegar hann ættfærdi Iduni konu Braga.

Digitized by Google

tilgátu, þá er það nýr vottur þess að hann hafi þekt gudafræði Grikkja og Rómverja, og notað sér af henni í kvæði þessu. Það síðasta sem mér sýnist lýsa því að skáldið hafi þekt nokkuð til ritgjörða Rómverja, og notað sér af þeim, eru þær laungu lýsíngar sveinsins í 13 og 14da eyrindi og sólaruppkomunnar í 24da eyrindi; því þó lýsíngar þessar séu prýddar með ordatiltækjum úr norðurlandanna gudafræði, þá er þó undirstaðan og adferðin audsjáanliga lögð eptir þesskonar lýsíngum rómverskra skálda, eda þeirra sem eptir þeim hafa stælt; því í gudakvæðonum í Sæmundar eddu finnst ekkert þesshátter, en í hinum ódrum kvæðaflokki Sæmundar eddu, minnist eg einasta þess fyrsta eyrindis í Hamþismálum, er álitist gæti sem eptirstæling rómverskrs skáldskapar.

Hér ad ofan hefi eg leitast við ad sýna, ad medferð efnisins lýsi því, ad kvæði þetta sé miklu yngra, enn gudakvæðinn í Sæmundar eddu, og líkliga gjört í kristni. En — ekki er það allu færra, ef málið er skodað, er vitni ber um hið sama. Tel eg þar fyrst til hálfkénníngar. Iðun er kölluð Nana í 8da eyrindi, Jórun í 15da, Grund í 16da og ef mín tilgáta væri rétt, Gefjun í 12ta eyrindi. Odinn er kalladur „Vidar" í 17da eyrindi, og honum þannig gefið nafn annars af Æsum, eins og Iðuni, konu Braga, var gefið nafn Nönu, konu Baldurs án nokkurs adskilnadar ørds. Þarnæst tel eg nýgjörfings kénníngar. Bragi er í 16da eyrindi kalladur „Grimnis greppur".

Digitized by Google

Gudirnir, sem Odinn sendi til Idunar, eru í 17da eyr: kalladir Vidarsþegnar. Ekki vantar heldur sjálfsmídud ord: t: d: Asynjurnar eru í 20ta eyr: kalladar „Hørg"; nóttin í 23 „Hrímfaxa." Odinn í 8da Viggur. Gjallarhorn (ekki „biftøst" einsog útleggjarar kvædisins láta þad vera) er í seinasta eyrindinu kallad „Argiøll." Hér vid bætast óvenjuligar ordamyndánir, sem annadhvørt einginn, eda aungra gódra rithøfunda dæmi hafa fyrir sér. Þannig eru guditnir í 19da og 26ta eyrindi kalladir „raknar" fyrir „regin" eda „røgn" og í 19da eyr: kémur fyrir ordid „gygia, gygiu" í fleirtila „gygiur" sem eg hefi hvørgi fundid, nema í þessum samsettu ordum í nú tídkanligri Islendsku „margýgia" og „hafgýgia" því hinir eldri bókritendur kallkénna ordid, og hafa annadhvørt „gygr" gygiar, sem er þad tídkanligasta, einsog høfundur søgu Olafs helga gjørir í Fms. 5 B. D. bl. 162 þar hann ségir „margýgur lá stundum í Karlsám o. s. fr. — eda „gýgi" gýgia og svo kallkénnt, einsog stendur í Skuggsjá bl. 169 „þar hefur enn verid eitt skrímsl er menn kalla „margygia" þannig stendur í textanum; en í ordamun stendur hin venjuligri mynd ordsins „margygur," en því tilfæri eg þessa rithøfunda, ad þeir hafa bádir lifad í kristni og líkliga dísnaiaungu eptir þad ad gudakvædin í Sæmundar eddu vóru gjørd. Tímaordid „ad geta *)" í þeirri merkíngu „ad fá", er á tveim

*) Þetta er því óskiljanligra, sem skáldid fer rétt med ordid í

stødum í kvædi þessu látid stýra Genitivo: þannig brúkast í 15da eyr: og 21ta „at geta svars" fyrir „at geta svar." Þessi fráleita brúkun ordsins „at geta" sem hvørki hefur fyrir sér, svo eg viti, dæmi eldri eda nýrri Islendsku, — er eg hræddur um sé sprottin af misskilningi skáldsins, hann hafi nl. dottid ofaná þad í einhvørri bók, „hann gat ekki svars" og hafi svo hurad ad „svars" stjórnadist af „gat" enn gjætt ekki ad því, ad þad stjórnadist af „ekki" sem er neutrum af „engi" og ad „ekki" var sá accusativus sem stjórnadist af „gat." Svo lítur þad út, sem høfundur þessa kvædis ekki hafi þekt til þess, sem Rask hefur veitt eptirtekt, og hann tekur fram í hans „Anvisning til Isløndskan eller Nordiska Fornspråket bl. 103" ad fornmenn hafi samandregid ordid „heilagur" í øllum þeim casibus, hvar endíngin byrjar á hljódstaf. Þad sama sem Rask hér ségir um „heilagr" má ségja um „máttugr, øflugr, audugr, ástugr *) (hvadan „ástgir" kémur fyrir í Vøluspá 15da eyr:) o. s. fr., því í ødru eyrindi Forspjalls-ljóda er „máttug" samandregin í „mattk" móti áminnstri venju fornmanna. Ad endíngu vil eg med einu dæmi benda til þess, hvørnig kvædi þetta ber vitni um þad, ad gamlar ordamyndanir hafa verid aflagdar, þegar þad var samid, enn

ødru eyrindi, er hann ségir: at Æsir hafi getid (= fengid) illa ætlum.

*) Sá sem hefir búid til ordsafnid vid 3 hluta Sæmundar eddu þeirrar, sem út er géfin af Arna Magnússonar nefndinni lætur ordid í Nominativo vera „ástgr."

Digitized by Google

adrar yngri komnar í stadinn: í 5ta eyrindi stendur „vitiþ enn eþa hvat" þessi ord eru tekin úr Völuspá, hvar þau koma fyrir í 25—26—31—32—35—37—55—56 eyrindum, en þar er allstadar brúkud ordsins eldri form „vitoþ" = vitud, en hér er búid ad umbreita henni í „vitiþ," sem ad sönnu er allgód og gamul form, enn þó hinni yngri.

Nú sylgir kvædid sjálft, hafdi eg fyrir mér, þeg, ar eg hafdi skrifadi 1ta part hinnar stóru Kaupmanna-hafnar útgáfu Sæmundar eddu, sem og Rasks útgáfu þessarar sömu Eddu, hvorra hér ad framan er getid, valdi eg úr þeim ordamun, sem þar fannst, þad sem mér þókti nýtiligast. Af getgátum hinna fyrri útgefenda, hefi eg tekid fáeinar uppí textan, er mér þókt u líkligastar, en aldrei án þess ad geta um þad í ordamun, og skíra frá því, er þar ádur stód, svo eg leiddi engann í villu þar sem mér gæti hafa sjátlad. Med sama hætti hefi eg tekid nokkrar gét-gátur uppí textann, sem mér hafa í hugskotid.

---

# Forspialls-liód

edur

# Hrafnagaldr Odins.

1.

Vanir vita
Alfodr orkar
Visa nornir
Alfar skilia
u) elr iviþia

Digitized by Google

aldir bera
þreýa þurſar
þrá Valkyriur.

*a*) elir haſa aðrir.

2.

Ætlun Æſir
ílla *a*) gátu
Verþir *b*) viltu
vættar rúnum
óþhræris ſkyldi
Urþur geýma
máttk at veria
meſtum Þorra

*a*) aðrir „alla" *b*) G. M. vill leſa „verþer."

3.

Sverfr þvſ hugr
hennar *a*) leita
grunar guma
grand er *b*) dvelr
þotta *c*) þráins
þúnga draumr
Dáins dulo
draumur þotta *d*).

*a*) hennar leita, mín getgáta, fyrir „himnaleitar" *b*) mín getg. fyrir „er" *c*) mín getg. fyrir „þotti" og eins í feinaſta viſu orði *d*) ſjá *c*)

4.

Dugir meþ dvergum
dvína heimar
niþr á ginnunga
niþi ſokkva
opt Alsviþr
oſanfellir
opt of ſollnum
aptr ſafnar.

5.

Stendr æva
ſtrind ne vaþull
lopti meþ lævi
linnir ei ſtraumi *a*)
mærum dylſt
í Mímis brunni
viſsa vera
vitiþ enn eþa hvat?

*a*) máſké „ſtormi" þó getur hitt ſtaðiſt.

6.

Dvelr í davlum
dís forvitin
ǫggdrasils
ſrá aſki hnigin
Alfa ættar
Jþunni heto
Jvalds ellri
ýngſta barna.

7.

Eirþi ílla
oſankomu
harbaþms *a*) undir

Digitized by Google

haldin meiþi
kunni sízt
at kundar Niorva
vøn at værri
vistum heima.

a) „hardbadms" lesa aðrir.

8.

Siá Sigtyvar
syrgia Nønno a)
viggiar at veom
vargs = belg seldo
lét ísæraſt
lyndi breytti
lék at lævísi
litom skipti.

a) mín lagf. syrir „Nauno" því nesnaudinn er Nanna, ekki „Naunna."

9.

Valdi viþrir
vavrþ bifrastar
giallarsunno
gat at fretta
heims hvívetna
hvort er vissi
Bragi ok Loptr
baro kviþo.

10.

Galdr golo
gavndom riþo
Røgnir ok Reginn
at ranni a) Heimis
hlustar Oþin
hliþskialfo í
letz b) braut vera
láuga vega.

a) mín lagf. fyrir „rann"
b) mín lagf. fyrir „let"

11.

Frá enn vitri
veiga = selio
banda vørþr a)
ok brauta sinnar b)
hlyrnis heliar
heims ef vissi
ártíþ, æfi
aldrtila

a) mín lagf. fyrir „burþa"
b) mín lagf. fyrir „brauta sinna."

12.

Ne mun mælti
ne mál knatti
givom a) greiþa
ne glaum hialdi
tár af týnduz b)
taurgum hiarnar
eliun faldin c)
endr rióþa.

a) máske „Gesiun" b) „týnduz" er mín lagf. fyrir „tínduz" c) mín lagf. fyrir „feldin."

Digitized by Google

13.

Eins ok *a*) kemr austan
or Elivagum
þorn af akri *b*)
þurs hrimkalda
hveim drepr drottir
dáinn allar
mæran of Miþgarþ
meþ nátt hvor.

*a*) „ok" hef eg bætt inni einsog Hafnarútgáfan. *b*) „akri" er min lagf. fyrir „atri" eda „otu."

14.

Dofna þá dáþir
detta hendr
svífr offvimi *a*)
sverþ áss *b*) hvíta:
rennir ørvit
rygiar glyiu
sefa sveiflum
sókn giørvallri.

*a*) min lagf. fyrir „offvimi"
*b*) min lagf. fyrir „ás."

15.

Jamt þótti jórun
jólnum komin
sollin sútum
svars ei gátu
sóttu því meir
at syn var fyrir
mun þó miþr
mælgi dugþi *a*)

*a*) adrir „dygþi."

16.

Fór frumkvøþull
Fregnar brauta
hirþir at Herjans
horni giallar
Nalar nepa *a*)
nam til fylgis
greppr Grímnis *b*)
grund varþveitti.

*a*) adrir lesa „nefa."
*b*) adrir „Grimis."

17.

Vingolf toko
viþars *a*) þegnar
Forniots sefum
fluttir báþir
iþar gánga
Asi kveþia
yggiar þegar
viþ avlteiti.

*a*) Rask vill lesa „Viþris" enn eins mætti lesa „Viþrs" samanber Grímnis-mál 48 eyrindi.

18.

Heilan Hánganey
heppnaztan Asa
virt aundvegis

Digitized by Google

valda báþo
fœla at sumbli
sitia día
œ meþ yggiongi
yndi halda.

19.

Belkiarsett
at Bavlverks ráþi
siót sæhrimni
saddist rakna
skaugol at skutlom
skaptker Hnikars
mat af miþi
minnis a) hornum.

a) Hafnar útgáfan „mimis."

20.

Margs of frago
máltíþ yfir
Heimdall há goþ
havrgar Loka
spár eþa spakmál
sprund ef kendi
undorn áfram a)
unz nam hymia b)

a) gétgáta G. M. b) þannig leidrétt fyrir „himia" Rask hefur „huma" eptir gétgátu sinni.

21.

Illa leto
orþit hafa
erindisleyso
ok a) lítilfræga
vant at vœla
verþa myudi
sva at svanna
svars ofgiæti.

a) leidrétt fyrir „of.

22.

Ansar omi
allir hlyddo
nótt skal nema
nyræþa til
hugsi til myrgius
hver sem orkar
ráþ tilleggia
rausnar Asom.

23.

Rann meþ ravstum
Rindar móþr a)
fódrlarþr
Fenrisvalla
gengo frá gildi
goþinn kvoddo
Hropt ok Frigg
sem Hrimfaxa fór.

a) mín lagf. fyrir „móþur" eda „móþir" sem adrir lesa.

24.

Dýrum settan
Dellings mavgr
ió framkeyrþi

Digitized by Google

iárna steinum
mars of Manheim
mavn ofglóar
dró leiku *a*) Dvalins
drøsull í reiþ.

*a*) lagfært fyrir „leik."

25.

Jormungrundar
í iaþar nyrþra *a*)
undir rót. yztu
aþal = þollár
gengo til rekkió
gyginr ok þursar,
náir, dvergar
ok dokk = álfar.

*a*) adrir „neþra"

26.

Risó rakknar
rann álfrauþull
norþr at Niflheim
nióla sótti:
upp nam *a*) árgiøll
Ulfrúnar uiþr
hornþyt = valdr
Ziminbiarga.

*a*) „rann" hefir Kaupmanna: hafna útg. og Rasks útgáfa, enn adrir „nam".

---

# Skýríngargreinir.

## 2. eyrindi:

„Æsir gátu" ɔ: féngu í huga, „illa ætlan" ɔ: fyrir: ætlan, áform; þéssi illa ætlan var í því fólgin, ad láta Urdi geyma ódræris; „Verpir viltu vættar rúnum" er millisetníng, undirstødu órdid fyrir „viltu" er „Æsir": meiníngin er: hinir hverflyndu eda brøgdóttu Æsir, viltu med gøldrum (rúnum) lifandi vetur eda sképnur: „Vættr f: g: vera lifandi sképna. Sé lestrarmátanum „Verpir" fylgt sem stendur í þeim prentudu útgáfum, eins og eg hefi gjørt, þá svarar þad til „Æsir", en þá verdr líka „verpr" ad géta merkt „brøgdóttur"

Digitized by Google

„breitiligur". En lesi madur med Magnæusi „verpar" svarar þad til „vættir" og er þad þá fyrir „litverpar", hér „daprar". „Oþræris skyldi Urdr geyma". Í Bragarrædum, bl. 83 ed: Rask, er sagt: ad „oþrærir" hafi heitid kétill sá er dvergarnir Fjalar og Galar, létu írenna blód ens vitra Kvásis, þá þeir høfdu veitt honum bana, og vid hvørt þeir bløndudu hunángi, og gjørdu þar af mjød þann, er hvørr, er af drekkr, verdur skáld eda frædi madur. Hér seigir skáldid, ad Æsirnir hafi látid Urdi, er var ein af þeim þremur meyum, er bygdu fagrann sal undir Yggdrasíls aski vid Urdarbrunn, taka vid gætslu óþræris, af því hún hafi verid fær um ad verja hann fyrir sem flestum, og kallar skáldid þad vondt tiltæki; en fyrst skáldinu þikir þad hafa verid misrádid, ad skipta um gætslumenn óþræris, þá hlýtur hinn fyrri eptir skáldsins áliti, ad hafa verid betur til þess fallinn, og hvør er hann þá? Mér finnst af kvædinu sjálfu mégi ráda ad þad hafi verid Idun; því í 6ta og 7da eyr: er sagt ad hún sé hnígin frá „aski yggdrasils" og dvelji nú í dølonum undir „hábadmsmeidi" ɔ; yggdrasils aski hjá dóttur Njørva ɔ: nóttunni, og uni ílla ofankomu sinni, því hún hafi ádur vanist betri vistum. Héraf ræd eg ad Idun þessi hafi ádur búid undir þeirri rót „asks yggdrasils" sem med Asum er og á himnum stendur, og undir hvørri ad er Urdarbrunnur: fjá Snorraeddu Rasks útg: í Gylfaginíng bl. 17—18, og því hafi hún eptir ímyndan þessa skálds, ádur átt ad gjæta óþræris en Urdr tók vid því embætti af henni. En nú var hún

komin til Njörfadóttur, eda mætneinnar, sem af 26ta eyr: kvædis þessa, hvar svo stendur: „nordr at Niflheim Njóla sótti„ ráda má, ad átt hafi heima annadhvört í grend vid Niflheim, eda í Niflheimi sjálfum yfir hvörjum Hel hafdi ad ráda eptir því sem sjá er af Gylfaginíng Sn: Edda bl. 32 Rasks útg: „Hel kastadi alfadir í Niflheim ok gaf henni vald yfir 9 heimum" Var því ekki kyn þó Iduni þækti ekki vistin góð. Pad er en því til styrkíngar ad Idun hafi haft óþtæris gætslu á undan Urdr, ad vid þad sama fæst allgódur þánka, þrádur í öllu kvædinu, en annars slitnar hann algjörliga, og lítur þá svo út, sem eitthvad vanti í þad. En ad Idun sú sem kvædid umtalar, muni vera kona Braga má af því ráda ad 16da eyrindi kvædisins lætur Braga verda eptir hjá henni, enn þeir Heimdallur og Loki fara heim aptur.

3.

„Hverfr því" nl: mönnum, „hugur ad leita" hennar nl. Urdar, „ok þó grunar gumna grand" ɔ: og samt er mönnum grunur á því ad einhvör ógæfa sé í vændum „er" ɔ: þared, fyrst „þúngadraumur" ɔ: þúngir og vondir draumar: samanber Vegtamskvidu 2ad eyrindi, hvar „höfugr blundr" brúkast um illa drauma „mjök var hapti höfugr blundr, heillir í svefni horfnar sýndust" og „dulo draumr" ɔ: myrkr ok ískyggiligr draumr. „dvelr" tefur fyrir, tálmar. „þráins þótta" ɔ: svefninn, dúrinn. Af því Dúrinn er dvergsheiti í Völuspá 10da

eyr: Þá kallar skáldið svefninn „þótta" (fyrir hopta) ɔ: felaga dverganna Þráins og Dáins. Til þess að draumur géti staðið einum fyrir svefni verður hann fyrst að hafa sofnað og dreymt, en géta síðan ekki sofnað aptur, þegar hann vaknar af draumnum, fyrr enn kannske seint og síðar, af því umhugsan draumsins heldur honum andvaka, og skéður þetta ekki hvað síst eptir illa drauma, eins og þá, sem hér er umtalað; Af því eg fann ekki þá meiníngu, er mér líkaði, í þessum orðum „hverfur því hugr" eða sem Rask les „Hugin" himna leitar „þá breytti eg himna" í „hennar" „hugur" verður að líta til „guma" því um aðra er ekki talað í eyrindinu, sem það géti svarað til. Fyrst Urðr fékk óhræris gætslu, af því hún gat varið hann fyrir flestum þótti mér líkligra, að mönnum hefði heldur hvorfið hugur frá því að leita hennar, heldurenn að hugur manna hefði hvarlað til himna til að fá upplýsíng um það er Æsirnir vildu hafa fólgið fyrir sem flestum.

## 4.

Í þessu og næsta eyrindi er sagt frá innihaldi drauma þeirra, er mönnum stóðu fyrir svefni: að með þeim orðum „dugir með dvergum dvína" ekki meinast, að afl dragi úr öðrum dvergum, enn þeim fjórum, sem héldu uppi himninum; má bæði ráða af því, að hér er verið að lýsa þeim þúngu eða vondu draumum, sem næst undangánganda eyrindi ségir, at menn hafi haft: mönnum varð því að standa einhvör hætta af því, að afl

Digitized by Google

dregi úr dverginum en það gat ekki gylt um alla dverga, heldur vissa af þeim, einkum þá sem héldu uppi himninum; líka má ráða þetta af þeim orðum sem á eptir koma „heimar niðr á ginungs niði sokkva" það gat ekki flotið af orku þverran annara dverga, enn þeirra sem héldi himninum uppi, „að heimar hrøpuðu niður í gynúngagap". En af því hér er talað um niðurfall heimanna, en áminstir dvergar stódu einasta undir himninum ekki heiminum, verður það að leiða af niðurfalli himinsins ofaná jørðina, að hún hrapar af sínum stødvum. „Ginúngsnið" mun éga að vera það sama sem „Ginungagap". „Ginnúngr" er jøtuns heiti: sé „nið" með hart „i" þá er það svartasta myrkur. Nú var jørðin, eptir því sem í Gylfaginíng segir, bygð af Ymis líkhama yfir miðju ginnúugagapi, Sn: Edda Rasks útg: bl: 8: en ginúngagap var náttúrunnar upprunaliga og sólarlausa gímald. En sé „nið" með lint „i" er það nokkurskonar hlutarheiti, máské drégið af „niðr" sem er það gagnstæða „upp" og á máské að merkja þann stað, hvar hægt er niður að komast, og vera, hvað merkinguna snertir = „gap". Merkilig er útlegging G. Magnæi þessara orða: „heimar" „niðr á ginungs niði sokkva": hún er þessi: „Heimarnir detta ofan á syni eða niðia jøtnanna": hvaraf audsært er, að hann álítur „niði" að vera gésanda fall" ordsins „niðr = „niði". Alsvidur sá sem hér er nefndur, og látinn er hafa heimana að leiksopp sínum, er líkliga sá sami og jøtna foringinn „Alsvidr, er kémur fyrir í 6ta eyr: í Rúnatals-



Digitized by Google

hætti Ohins í Hávamálum Sæm: Eddu Rask útg; bl: 28. hvar svo stendur „Ohin með Asom en for álfom Dvalin, Dáin dvergom for, Alsvidr jætnom for".

## 5.

„Æva" = aldrei, fyrir framan „lopti" á að undirskiljast „i" „læ" og „lø" er = eldr: skilt þessu ordi er líkliga „hlýr" „hlúi" og „hlýr" „hlær", líka það gamla danska ord „laa" í neutro „laat" volgr, t. d: „laut Vand" = hlýtt vatn, í Henrich Harpenstrengs Læsebog, tilfære í vísindafélagsins dönsku ordabók: að „læ" sé „eldr" má ráða af 52 eyr: í Vøluspá „Surtr fer sunnan með sviga — (máské „svipa") — læsi, skin af sverdi sól Valtíva" samanborin við Gylfaginning í Sn. Eddu Rask útg: bl: 72 „Surtr ridr ok fyrir hønum ok eptir, eldr brennandi, sverd hans er gott mjøk, af því skin bjartara, enn af sólu" Annars er annar stadur í Vøluspá 29da eyr: sem hefr undur Hrafnagaldrs hefur máské litid til: hann er svona: „þá gengu régin øll á rokstóla ginn heil og god ok um þat getrust; hver hefdi lopt allt „lævi" blandit, edr ætt jøtuns Ohs mey gefna" það sem í þessu eyrindi kallast „at blanda lopt lævi", kallar Sn: Edda í gylfag: R: útg: bl. 46, hvar hún lýtur til áminnstra orda „at spilla loptinu" og er það eptir líkum, rétt skilid: en eginliga held og samt að „blanda lopt lævi" sé að eitra loptid, og að „læ" brúkist hér og víðar með sama hætti um „eitur" einsog „svik" (hvað „læ" og svo merkir,

sem sést af „lævis", „lævísi") brúkast um „eitr" t. d. í Sverris S: c: 115: eins er „læblandinn" hiør, = eitrad sverd, eda sverd hert í eitri í kv: G. Gjúkadóttr eyr 39. „Straumr" er hér þad sama sem „stormur" og gétnr skéd ad þad sé rángt skrifad fyrir „stormur". Annars er þad alkunnugt ad „stormur" er ekki annad enn „loptstraumur". „Mímisbrunnur" var undir þeirri rót af „aski yggdrasils" er til Hrímþursa hörfir, þar sem fordum var ginnúngagap: í þeim brunni felst spekt og mannvit, og heitir sá Mímir, er á brunninn. Hann er fullur af vísindum, því hann drekkur af brunninum, Rasks Edda. Gylfag. bl. 17.

## 6.

Hér er sagt ad Idun hafi verid Alfa ættar og yngst ellri barna Ivalds, og mun Ivaldr þessi vera búinn til úr Ivalda þeim er nefnist í 43 eyr: Grímnismála, hvar svo segir: „Ivalda synir géngu í árdaga, skidbladni at skapa samanber Gylfag: Rasks Eddu bl. 48, og Skáldskapar mál bl. 150 í sømu Eddu. En af því høfundur Hrafnagaldrs fann ekkért um ætt Idunar, en vildi gjarna ættfæra hana, þá held eg honum hafi géngid þad til, ad gjøra hana ad dóttr áminnst Ivalds eda Ivalda, „ad hann býr til úr henni nokkurskonar norn", enn fann ad sumar nornir eru Alfa ættar, en adrar dverga ættar, sjá Fadnismál í Sæmund: Edda 13 eyr. bl. 188: enn skáldid gyldir einu hvørt heldr er (annars kallar þó Snorra E: Ivalda „dverg" bl. 48 og 150)



Digitized by Google

því álfum og dvergum er þráfaldliga blandad saman. Þó Rúntalsþáttr Odins 6 eyr: í Hávamál: Sæm: Edd: bl. 28. géri mun á þeim. Sn: Edda Raſks útg: bl. 21 ſkiptir Alfum „í ljós-álfa og dökk-álfa" og lætur þá fyrri búa í Alfheimum, en hina nidri jördinni.

## 7.

„Hárbadms undir haldin meldi" ſjá áthugagrein vid annad eyrindi og innihald kvædisins, „hárbadms" ætti ad vera „hábadms". Eigi „at" ekki ad vera ofaukid, verdur þad ad takaſt ſamanvid „heima" og verdr þá ad nidurraða ordonum þannig: „von værri viſtum at heima" fyrir „at sínu heima" = heima hjá sér; því óvenjuligt er ad ſegja „vanir at einu" fyrir „vanir einu" leſi madur: „von at væri viſtum heima" verdur meiningin annadhvört: „ſem haſdi vaniſt því ad vera til veru heima" edur „ſem var ſvipt því ad vera til veru heima. En af því þetta hvörutveggja géfur of magra meiningu, því breytti eg „væri" í „værri" d: værari = nádugri betri.

## 8.

Tak þannig ſamann „Sigtývar d: Æſirnir: „at viggiar" = yggiar d: Odins, „veum" d: „ad Odins ſalum, ſjá „Nóno" d: Iduni ſyrgia, „ok ſeldu" d: féngu nl. henni Vargsbelg, „hún lét íſeraſt" d: fór í hann, „ok breytti lyndi o. ſ. fr, ſamanber Sólarljód 31 eyr. „Ulfum líkir þikia allir þeir, ſem éga hverſamm hug" Idunn breytir ekki einaſta „lyndi" d: lunderni,

Digitized by Google

þegar hún er komin í Ulfshaminn, heldur veitist henni sá kraptur, ad hún gétur skipt hømum eda breytt sér í ýmsar mindir, en hjátrú alþýdunnar hefur ímyndad sér, ad þad væri opraft samfara, ad sá er þetta gjæti, væri líka gøldróttur. Séft þetta, medal annars, af því, ad „hamhleypa" er eitt af trøllkvenna heitum; sjá Fridþ: 5 frækna c; 9. „hann skaut forki at einni hamhleypunni" þ: Skefsunni; enn tröll brúkaft um galdramann í voru máli t. d. Kallamagnúsar saga Oddg: þ: c 18. „Þefsi madr er fullur galdra og gjørninga ok mundi hann tröll vera kalladr, ef hann væri nordr hingat í lønd". Eins brúkaft „trøllskapr" um galdra, Fóftbrædra S: en meiri c: 39. „Hún er þefs vís ordin af trøllskap sínum ad Pormádur er med ofs: og Saga Gísla Súrssonar c. 21 „Sakir trøllskapar er Porgrímur nef hafdi haft í seidinum, og atkvæda, verdur ekki af því ad høfdíngjar taki vid honum (Gísla)". Eins tídkaft ordid „Trold og Troldom" hjá Dønum. En framar kéndi hjátrúin þad, ad sá sem gøldróttur væri, gæti med gøldrum sínum vitad óvardahluti. Þefsum umfkiptum tók Idun, þá hún var komin í Ulfshaminn. Enn heim frændum, Sigmundi og Sinfjøtla, brá svo vid, þegar þeir vóru komnir í Ulfshamina, ad þeir urdu ad Ulfum. sjá Volsúnga S. bl. 130 Rafns útg. í F. S. N. 1. Bd. „Skipta litum" þ: breita sér í ýmsar myndir.

## 9.

„Vidrir" þ: Odinn, „gjallar sunnu gátt" kvenkénning. „Gisll" árheiti, sú er næst heigrindum Sn.

Digitized by Google

Edda Rasks útg. bl. 4. „gátt" er trésheiti: á norsku bændamáli heitir það „gad" og merkir gamla og visna furu. Sjá Hallagers Norske Ordsamlíng. Odins útsendarar áttu ad frétta Iduni hvort hún vissi „hvívetna heims" ɔ: sérhvad í heiminum, sem í heiminum væri, eda hafi gjørst: hvad hérmed sé meint, er berliga tiltekid í 11ta eyr: og það er: „hvert hún viti upphaf, aldr og enda hlýrnis heims og heljar. Þó „fyrirnafnid" „hvívetna" líti eins út og Dativus, er það samt Accusativus einsog í Jómsvíkinga S. stærri c. 8. bl. 28. Vér viljum fyrir hvívetna fram greida ydr skattana". Annars er líka Accusativus ýmist „hvervetna" eda „hvetvetna": „ad elska Gud umfram hvervetna" Skuggsjá bl. 442. „Hann ségir ad þeir eru so ólmir at þeir vilja fyrir hvervetna fram berjast" 1 Dana Kónga fragm: C. 4. útg. Rafns. „Egi eru búar skyldir at bera um „hvetvetna" Grágás Þsk þ. 62, 167. Ivar ségir at brædor sínir sén svo ólmir, at þeir vilja fyrir hvetvetna fram berjast" Ragnars S. bl. 354. Rafns útg: — „At bera qvidu" þetta ordatiltæki er lánad frá réttargángsmátanum og brúkast um vitnisburd einskonar sannadar manna: sjá „Arnesens íslandske Rettergang" bl 19 og 187 et seqven: og Jústiriarii Sveinbjørnsens Registur vid Grágás undir ordinu „qvidr". En um hvad átti þá Bragi og Loki „at bera kvidu"? líkliga um það hvør svør Idun veitti. En ad Bragi og Loki hafi gjørt meira en standa hjá sem vottar, fést af 15da eyr: hvar þeir ásamt Heim-

dalli sækja fast á Iðunni, til að toga svør útúr henni, og því horfði eg ekki í, að breyta „brauta sinar" í „brautar sinna" í 11ta eyr:

## 10.

Meiníng þessa eyrindis held eg sé þessi: Foríng-inn ɔ: Heimdallur og hinir voldugu guðir ɔ: Regin ɔ: Loki og Bragi, koma til aðsetrsstaða heimbjóðandans (at ranní Heimis ɔ: til Næturinnar. „Heimis" er sá sem hýsir eða lofar géstum að vera. Það kémur af tímaorðinu „ek heimi" = eg hýsi, og kémur nokkrum-sinnum fyrir í vorum gømlu løgum t. d. Glþl. Mh. C. 7. „Ef maðr hýsir eða heimir útlægann mann" Járns. R. B. M. ok Jóns B. M. H. C. 6. „Hvør þá hýsir eða heimir móti voru boði". Það kémur og fyrir í þeim Svensku Gottlands løgum Cap. 2 § 6. „Hafr hann ai fe at býta, þá stýi hann land, oc liggi hverjum manni 3 markr viðr, sum hann hýsir eða haimir eða mat giefr". Í hinni dønsku orðabók, sem út er géfin af Vísindafélaginu, kémur og fyrir orðið „hiemmer" sem útleggst „tager til mig og lader boe i mit huus". Í Harbardsljóðum eyr. 42 brúkast „heimir fyrir orðheilla-sakir (per eyphemismum) um þann sem helgénguum veitir móttøku í sinn reit, því þar kallast „dysiar" „heimis-skógar", líkliga með tilliti til gamallrar venju, sem tíðk-ast hefur á undan brunaøldinni, að rífa þá dauðu í húðir og hengja þá svo uppí eikalimar. Merkiligt er það Johann von Strahlenberg í hans „das Nord-

„und Östliche Theil von Europa und Asia in „einer Historisch-Geographischen Beschreibung" bl. 381, segir um Jukagirana, er búa við Ishafið, milli óssins á Lenafljótinu og skagans Tabin, „að þeir hengi þá vaudu í eykalimar, en bein foreldra sinna og frænda hafi þeir með sér hvort sinn, er þeir fari á veiðar, (líkliga af því þeir halda þá veiðist betur). En hér brúkast „heimir" um hann, sem heim veitir móttöku í hýbýli sín, sem koma til næturinnar. Þángað var Idun komin, og þángað kom Bragi á eptir henni. Þegar þessi ord „galdra gólu gaundum ridu Rognir og „Reginn at ranni Heimis" eru skilin um ferd hinna 3ja sendiguda til Idunar, þá verður besta samband milli þessa eyrindis og hins eptirfylgjanda. Það verður og svo eðlinu samkvæmara, að géta um ferd gudanna til Idunar, enn láta þá ekki undireins fara að spyrja hana, sem þeir í Odins-höll hafa fengið skipan til þess. Enn þá lætur skáldið Heimdall, sem foringja ferdarinnar, felast undir Rognis-nafni, en þá Loka og Braga undir ordinu „Reginn". En taki madr þessi ord „galdra gólu" o. s. fr. um það, að þeir gudir, sem heima vóru hjá Odni, hafi farið í gandreið til að veikja upp dauða og látum það vera til að fá frétt af heim, hvörs þó ekki er gétið; þá er það bæði tilgángslaust, að vikja á það, án þess að géta um hvört það hafi ordið til nokkurs eða ekki, og líka slítnar þá algjörliga þánkaþráðurinn; yrði þá líkliga Þór að vera meintur með „Reginn", en hinir gudirnir með „Rogn"

Digitized by Google

ad Odni undanteknum. „Hlustar Odinn hlidskjálfu „í" Sn. Edd. útg. Rasks bl. 21 ségir „ad þá alfødr siti í „hlidskiálfu, þá siái hann of allann heim"; enn hér sest Odinn í hlidskjálfu til ad hlusta á eitthvad, líkliga á þad, hvør svør Idun veiti sendimønnum hans.

## 11.

„Hinn vitri „banda" ⁝ ⁝: guda ⁝ „værdur" ⁝: Heimdallr „ok brautar sinar" ⁝: førunautar hans (⁝: Bragi og Loki) af „sinni" førunautr og „sinn" vegferd. „Fraugu" ⁝: fpurdu „Veigaselu ⁝: Iduni. „Veigaselia" Snorra Edda í skáld⁝skaparmálum segir bl. 156" kona er „selia" þess er hon géfr, ok á sam, heiti vid „seliu" er tré er" „Veig" áfeingr drykkur. „Hlyrnir" ⁝: sól. „Artíd" hér upphaf, uppruni. „Ar" snemma: annars merkir ordid „daudadag eins" og „messudag helgra manna." „Aldrtili" æfi endir.

## 12.

„Givom" láta útleggjararnir vera Dativum af „gifr" adj: og útleggja þad „laungunarfullur," enn bædi er þad, ad „gifr" er ekki til, svo eg viti, sem lýsíngarord, og væri þad til, yrdi þad ad vera líkt í merkíngu og „gífrligr," en þessháttar tillagsord á hvørki vid Heimdall né Braga, þó þad máské gæti sagst um Loka. Eg er því hræddur um, ad þetta ord sé afbakad, sem fleiri í kvædi þessu: ad líkíngu kémst „Gefiun" því nærst. „Gefiun" var ein af Asynium, og gétur

sked ad hofundur þessa kvædis hafi leyft sér ad kalla Iduni med hennar nafni einsog hann í 8da eyr: kallar hana Rønu, sem ad var nafn konu Baldrs. Sýnist mér því líklígra ad skáldid hafi leift sér ad kalla Iduni Gefiunar nafni, sem af því 20ta eyr. í kvædi þessu er ad ráda, ad hún hafi verid spákona, þar Gudirnir spyrja þá sem til hennar vóru sendir, þegar þeir vóru komnir heim aptur: „hvørt hún kendi þeim spá eda spakmál" nú er þannig ad ordi kvedid um Gefiuni í Bretta søgu 9. Cap. „Sídan gékk Brutus til skála „Gefiunar og hafdi kér í hendi sér vín í ok blód ok mælti „svo: þú er veitst himinsins tídindi og setning allrar „veraldar, ok kant helvítis deili, seig mér nú forlog:" enn nú ségir Páls s. postula ms. bl. 34 „ad Gefiun kallist Diana", hafa því múnkar á miðøldunum haldid, ad systir spágudsins mundi líka vera spákona. Væri þetta þannig, þá mætti eyrindid svo skilja: „ne mun mælti Gefiun" ɔ: Idun mælti ekki hid minnsta: eginliga er „munr" hlutur, og hún mælti ekki hlut, fyrir ongan hlut = ekkért. „Ne knatti hún greida mál" og hún gat ekki komid upp ordi „knatti" = gat, af „knád" „knega" einsog „má" „mega", „ne glaum hialdi" ɔ: og ekki taladi hún eitt ord, „hialdi" fyrir „hjaladi". Í skáldskaparmálum í Sn. Eddu bl. 207 er ordid „glaumr" talid medal málsheita. „Tár" „týndust af taurgum hiarnar" ɔ: hún gat ekki grátid. „Taurgur hiarnar" hofudid, „hiarnr" eda „hiarn" (= heili, Dan. Hierne) fyrir „hiarni" — a ɔ: „heili".

„taurgum" er líkliga rángt fyrir „tiaurgum" tiarga, er skialdarheitt, Sn. Edda bl 203 segir: at augu megi svo kénna at kalla „sól eda túngl, skiøldu og gler eda gimsæina-bráa, brúna, hvarma eda ennis". „Faldinn" af „faldr" = falinn, „eliun" fyrirhøfn og ástundan; „endrrioda" = uppskertr, þrotinn: þetta ord tídkast enn í Múla Sýsslum í þessari merkíngu, þad hefir hvørgi fyrir mig komid nema á þessum stad og Søgu Ketils Hængs bl. 116 í 2 BD. í Rafns Fornald. S. Nordrl. hvar so stendur: „Hann (Ketill) fór heim sídan, ok tók Hallbiørn vel vid honum ok spurdi ef hann hefdi vid nokkut varr ordit (hann meinar trøll) Ketill kvad þá miøk endrrióda (ordamunur bætir vid) „ordid" ef þú sast nú um kyrt (hann meinar ad þá sé farid ad sneidast miøg um trøll ef honum hafi gagnast ad sitja í kyrrsæti fyrir þeim). Meiníng seinna hluta eyrindisins er há þessi; „hún grét ekki, annadhvørt af því hún bar sig ad halda táronum til baka, eda hún var tárum tæmd.

## 13.

Tak sona saman: „Einsog (þá) hvør nótt kémur med „þorn" = svefnþorn eda svefnþyrni, austan úr Elivagum af akri hins hrímkalda þuss ɔ: Niørva Nætur fødur, (med) „hveim" = med hvørjum, nefnilþorni, „Dáinn" (svefndvergrinn) „drept" = slær eda snertir allar dróttir ɔ: menn; „of" = um, „mæran midgard" = þann vídlenda stóra heim". Af því ad

„atri" sem ætti ad hafa í nefnandanum „atr" er ordskripi, og „akri" líkist því mest, og gésur góda meiningu, setti eg það eptir gátu minni í hins stad: mér finnst það þaradauki vera skáldligt og náttúrliga rétt fundid, ad láta svefnþyrna þá, med hvorjum Dáinn svæfir alla menn, vaxa á akri føde næturinnar. Hér lætur skáldid hann sem náttúrligur og mátuliga fastur svefn skal falla á, verda snortinn svefnþorninum; enn þá gjora skyldi einum ramann og reginn svefu, þá er sagt ad sá sem fyrir því vard, hafi verid stúnginn Svefnþorni: þannig er ad ordi kvedid í Sigrdrífumálum Sæmundar Eddu bl. 196, eda heim hafi verid stúngin svefnþorn, sjá Gaungu-Hrólfs S. Cap. 24 bl. 303 „Vilhjálmr stakk Hrólfi svefnþorn um nóttina; og af fœmu sœgu Cap. 25. bl. 306 F. S. N. 3 BD. Rafns útg. sjest ad þessháttar svefnþorni hefr verid stúngid í hofudid. „Hann (Hrólfr) lá til kvelds sem daudr, því „svefnþornin" lá í hofdi honum, hafdi Vilhjálmur hann ekki burtu tekid": og enn framar sjest af sama kapitula, ad sá sem þornstúngínn var, gat ekki vaknad, medan þornin sat í honum; því rétt á eptir stendr: „Dulcifal ... gékk ad Hrólfi, og velti honum med „hofdinu um vøllinn, fell þá burtu svefnþorninn. Hrólfr „vaknar vid það o. s. fr." Samslags verkan, og hér ágnast svefnþorninum, ágnar danskr almúgi sínum „Søvnepryn".

## 14.

„Dofna" (mønnum) þá (nl. þegar dvergrinn er bú-

Digitized by Google

inn ad ljósta þá Svefnþorninum) „dádir" ɔ: þad dregr mátt úr øllum mønnum, „detta hendr" ɔ: hendrnar síga nidur afllausar (ok) „svimi svífr" = færist, „of" yfir „sverd (ens hvíta áss" ɔ: høfudid ɔ: menn fara ad draga ísur: „ørvit" missir vitsins, eda þad, þegar madr hættir ad vita af sér, „rennir" = rekur á flótta: „glyiu" = gaman eda gamanrædr: „rygiar" = kvennmannsins ɔ: kvennfólksins (ok) „sefa sveiflum" = hugsonum, hugrenníngum; „sefi" = hugr, hans sveiflur" = þánkarnir: gjørvallri (sókn ɔ: øllum mønnum. Hinn hvíti „ás" er Heimdallur ad vitni Snorra Eddu Gylfag. útg. Rasks bl. 30 og í skáldskaparmálum bl. 104. „Hans sverd" heitir høfud; því svo er sagt, segir Sn: Edda í Skáldskaparm: ad hann (Heimdallur) var lostinn manns „høfdi igøgnum" því kvedr Grettir so ad ordi í vísu einni, Grettla Cap. 66. bl. 139 „verd ek Heimdalls at herda (les hirda) „hiør, biørgum svo fiørvi". Af því hér er verid ad lýsa því, hvornig menn verdi, þegar þá fer ad sifja, og um þad er verid ad tala bædi undan því og eptir þad, ad gétid var um sverd ens hvíta áss, þá þókti mér þad géfa skárri meiníngu ad skilja „sverd ens hvita áss" um manns høfudid, fyrst þad getur merkt þad, heldurenn ad láta vørd gudanna, sem minni svefn þurfti enn fugl, ad vitni Sn. Eddu í Gylfag. bl. 30 Rasks útg., taka til ad syfia, fyrir þad, þó dvegrinn snerti menninamed svefnþorninum, sem útleggendur kvædis þessa hafa gjørt. „Sókn" er eitt af safnada heitum. Rasks

Edda í Skáldskaparm. bl. 197, þar segir svo „at sókn séu siautiáu" en hér brúkast það um ótiltekinn fjölda.

## 15.

„Jólnum" (gudonum) ɔ: þeim 3 Asum sem til Idunar vóru sendir. „Potti Jórun" (svo kallar skáldid hér Idunni) af því „Orun" er árheiti: sjá Sn. Eddu, Rasks útg. bl. 217, enn til þess ad lidugar falli kvedandinn hefur skáldid gért úr því „Jórun". Svo er hér þá árheiti brúkad fyrir „idu" og ida aptur fyrir Idun einsog Grettir í vísu í 69 Cap. í Grettlu kallar iduna í godafossi í Skjálfanda fljóti „Braga kvon". „Sollin sútum" (sem var harmi þrútin, sollin = þrútin) „jafnt komin" ɔ: jafnt ásigkomin, nefnil. og menn eru þá Dáin er búin ad ljósta þá med svefnþorninum, med ødrum ordum: „þeim þótti hún vera eins og sá madur sem ekki gétur haldid sér uppi fyrir svefni, „er" (þeir) „gátu ei svars" ɔ: þegar þeir féngu engin svør, nefnil. af henni: „ad geta eitt" hér „geta eins" = ad fá eitt, á ensku „to get". „Sóttu (nl. þeir) því meir (á hana) eptir því, ad fá svør hjá henni, sem þeir fundu, „at sýn" ɔ: synian var fyrir. „Syn" gydjuheiti: um hana talar svo Sn. Edda bl. 38. „Syn giætir dyra í höllinni ok lýkr „fyrir þeim, er ei skolu inngánga, ok hún er sett til „varnar á þíngum, fyrir þau mál er hon (einn?) vill „ósanna; því er þad ordtak ad „syn sé fyrir sett" þá „er hann (einn?) neitar" „þó dugdi mælgi" ɔ: for-

kolur þeirra „mun midr" ɔ: midur en þeir vildu: „munr" = vilji, laungun; þaraf: „mig munar í eitt" = mig lángar eptir því.

## 16.

„Fregn" = frétt, fyrirspurn, „braut" er hér brúkad fyrir „ferd" „hirdir at herians horni giallar" fyrir „hirdir herians giallar horns" — „at" med Dativo umskrifar hér Genetivum, af því ógurliga skothendt hefdi ordid, hefdi sagt verid „hirdir herians horns giallar" — fór (nl. heim aptr) „Nálarnepi" eda „nefi" kallast Loki, því módir hans hét Laufeý eda Nál, sjá Sn. Eddu bl. 32 „nefi eda nepi" brúkast hér um son, enn er þó án efa fomu rótar og „neveu" á Frønsku, „nephew" á Ensku, sem nú er úrelt, „neffe" á þýdsku, hvør ord þó merkja „bródr- eda systr-son". „Greppr Grimnis" þad er merkiligt, ad høfundur þessa kvædis gjørir Braga ad skáldi Odins, til þess ad láta hann einsog Nordrlanda kóngana, einkum þá í Noregi, hafa sitt hirdskáld; „grund" kallast hér Idun.

## 17.

„Vingólf" hét salur Asynianna: um hann talar svo Sn. Edda bl. 14—15 „annann sal gérdu þeir (Æfirnir). Þar var haurgr, er gydiurnar áttu, ok var hann allfagur, þad hús kalla menn Vingólf". Þad sem hér á eptir kémur er býsna nýgjørfíngsligt, nl. „ad kalla Heimdall og Loka Vidars ɔ: Odins þegna, og láta þá flytjast á vindonum eda vængjum vindanna

„að taka einn stað" = að koma til eins staðar; þaunig stendur opt í sögum vorum um farmenn: „þeir tóku Noreg" „Fornjóts sefar" eru vindarnir, „sefi" er sonur. „Kári" sem réð yfir vindonum, var sonur Fornjóts Sn. Edda bl. 358. „Þegar" = samstundis, á saman við „iðar gánga" en ekki við „Æsi kvedia" „iðar" fyrir innar, hér fyrir inn: stúngið „b" eda „þ" brúkast þráfalt fyrir tvö „n".

## 18.

„(Þeir) bádu Hángaty allra Ása heppnaztann at valda øndvegis virt" ɔ: drekka øl í øndvegi, — ráda fyrir øli og njóta þess: „bádu" = óskudu: „Hángatyr eda Hángantyr" kallast Odinn, af því hann ad vitni Snorra í Ynglínga S. cap. 7 settist undir „hánga" — eda af því sem hann segir í Hávamálum 141 eyr: „veit ek at ek hekk vindga meidi á nætr allar níu" „at valda øndvegis virt" Sé „virt" eins og útleggjararnir hafa tekid þad „drykkr eda øl" þá er „at valda Øndvegis virt" ad sitja í øndvegi og ráda fyrir øldrykkiu, einsog „at valda veom" í Grímnismálum 13 eyr: merkir „at vera eins stadar húsrádandi" „Himinbiorg ero en átto en þar Heimdall kveþa valda veom".

Hér heilsa sendigudirnir Odni á líkann hátt og menn vóru vanir ad heilsa á konúnga hér á Nordrlondum. „Sit heill konúngr med hird glada" sjá Kialnesínga S. c. 14 bl. 24. „Sumbl" samdrykkja eda áfengr drykkr. „Diar" = gudir. „Yggiongr" eitt af Odins nafnum; í Vsluspá 21 eyr. kallast hann „hinn aldni ása yggiongr".

## 19.

„Siót" ɔ: skari, „rakna" ɔ: gudanna, „bekkiar, sett" sett til bekkjar, á Bekk sett; „at rádi"-eptir bodi, tilskipan, „Bølverks" ɔ: Odins. „saddist sæhrímni" ɔ: fleski galtarins: sæhrímnir sjá Grímnismál 18 eyr. Sn. Edda bl. 42 segir: „aldrei er so mikill mannfjøldi í Valhøll, at ei má (man?) þeim endast flesk galtor þess, er Særimnir heitir; hann er sodinn hvørn dag ok heill ad aptni. Tak svo saman: „Skaugul mat at skutlum minnishornum (í) Hnikars skaptkér af miþi ɔ: Skaugul søkti vid bordid uppí minnishornum í Odins skaptkér, sem fullt var af midi: „at meta einu í eitt", er eginliga ad dýfa einu í eitt. „Sídan meta þau í árum ok róa á braut, Saga Háv. Isfirdings bl. 46. „Skaugul var ein af þeim valkyrjum er báru Odni og einherjum øl: sjá Grímnismál 36 eyr: „Skutull" bord, sem skotid er fyrir einn. „Sídan skaut hún fyrir þau føgru bordi" Kjaln. S. Cap. 13. „Skaptkér" hét þad mjadar ílát, úr hvørju ausid var uppí horninn, eda hornonum var ísøkt: „Skaptkér af miþi" fyrir mjadar skaptkér: „af" = med, „Hnikar" eitt af Odins nøfnum. „Minnishorn" eginliga horn sem tæmast skal í eins minningu; adrir lesa hér „Mímis" fyrir „minis". Samstags ordamunur kémur fyrir í 14 eyr. í Gróugaldri; því sumir lesa þar „Mímis hjarta" en adrir „minis hjarta".

## 20.

Merki „haurgar" hér gydjur eda Asynjur einsog



Digitized by Google

útleggjarar kvædis þessa hafa ímyndad sér, þá verdur þad í nefnanda falli ad hafa „haurg" en í gétanda „haurgar" og hnegjast einsog „Niaurn — Niaurnar" (tröllkonuheiti) Snorra Edda bl. 210 og „Fiaurn — Fiaurnar" (árheiti) Sn. Edda bl. 218 í ordamun, eda sem „laug — laugar, lausn, raust, rauf". Venjuligast er ad láta þesshättar ord, endast í nefnanda fleirtölu uppá „ir": eptir því ætti þá ad vera „haurgir" en ekki „haurgar": en bædi láta fornmenn sum þessara orda endast uppá „ar" fyrir „ir" í nefnanda fleirtölu, t. d. „rauf" . . „bora raufar á skipinn" Kalla-magn. S. Aguls P. Cap. 41. Eins gjörum vér: hann-ig er hér allmennara ad segja „laugar" en „laugir", t. d. laugarnar eru heitar. Ordid „haurg" á ad skrifast med „au" en ekki „ø" í nefnanda, því annars fengi þad lint „a" í gétanda, einsog vér höfum gjört „Sigrløg: Sigrlagar" úr „Sigrlaug: Sigrlaugar". „Undorn" eptirmiddagstímar: Ulfilas brúkar „undaurn" um kvøld; máské rótin sé „Uda" adv. sem merkir eptir midjann dag, í Strahlenbergs Vocabulario Calmcko mungalico. Petta ord helst ennþá ýmisliga umbreitt hjá Jótum, Svíum, Nordmønnum. Eptir Vøluspá 6 eyr. skiptist dagrinn í fjóra hluti „morgun og midjan dag, undorn og aptan". „Undorn" gengur eptir því, næst á undan aptninum eda kvøldinu; enn hér virdist mér þad vera brúkad um kvøldid sjálft. Af því — „ófraum" eda „ófrøm", sem er kvennkynid af lýsingar ordinu „ófram" = feiminn, ófamfærinn — ekki

gétur svarad til sprund, af því þad er hvørugs kyns ord: því þá ætti þad ad vera „óframt sprund". Og af því „óframr" hefur ekki þá merkingu sem átt gétur vid ordid „hinna" sem 4 afskriftir hafa, hvørt ord ad hefur á sér hina gømlu Dønsku og Svensku mynd íslendska ordsins „himna" því þá yrdi „óframur" ad géta merkt, myrkur, dymmur, og nidurradan ordanna ætti þá ad vera þessi: „uns" ɔ: þángadtil „ófraum" (myrk) „hina" ɔ: blæja; „nam" ɔ: tók, hjúpadist um. „Undorn" kvøldid — þá breitti eg „ófraum" í „áfram" = „framá" og verdr þá rød ordanna þessi: „hin háu „god fragu Heimdall margs yfir máltíd áfram undorn".

## 21.

„Væla" fyrir „væla svo um" = koma einu svo fyrir ad, o. s. fr.

## 22.

„Rausnar" á ekki saman vid „Asum" einsog Rask hefr ímyndad sér, heldr á annadhvørt ad taka þad svo saman: „at leggja Asum ráð til rausnar" máské = reisnar: eda þad á ad takast saman vid „ráð"

## 23.

Tak svo saman: „valla rann módr" ɔ: mæddur af rás. „Fódrlardr" (fædu þúngi, ofþýngjandi fæda, óþægdarfylli) „fenris" (úlfsins) „med røstum" ɔ: jødrum eda bryggjum. „Rindar" ɔ: gydjunnar sem bjó í vestursølum, sjá Vegtamskv. 16 eyr. — (þá) „godin gengu frá gyldinu og kvøddu „Hropt" ɔ: Odinn, „ók



Digitized by Google

Frigg (konu hans). Sé „fódrlardr", ekki rángt, þá kallast sólin af því „fenris „fódrlardr" ad úlfrinn Sköll, sem á eptir hennil rann, átti ad gleypa hana, sjá Sn. Eddu bl. 12. Med „röstum eindar" meinast, annadhvort „bryggjur eda hryggir" vid hinn vestlæga sjónheildarhring, og eru þad þá fjöll og heidir; ellegar „rákir eda jadrar" og er þad þá sett fyrir sjálfann sjónheildarhringinn, sjá Sögu Sigurdar Fógia Cap. 15. „Peir létu fyrir sik einn bordskutul med gulligum röstum til beggja handa". „Senn" (min lagfæring fyrir „sem") „fór Hrímfaxa" braudum leid nóttin, „Hrímfaxa" kallast hér nóttin, af hennar hrímhélada hári, annars hét hestr nætrinnar „Hrímfaxi".

## 24.

Í þessu eyrindi er lýst sólar uppkomunni. „Dellingsmaugr" dagurinn: Hestr dagsins hét Skinfaxi Sn. Eddu bl. 11. til hvörs ad líta þessi ord í eyrindinu „mars of Manheim mavn of glóar" „körkna eda iarknasteinn" á Engilsarnesku „eorcnanstan" = gimsteinn. „Manheims = midgards. — „Mann" = fyr. „Dvalinn" dvergsheiti hans „leiku" kalla dvergar sólina, eptir því sem segir í Alvísmál. 16 eyr.

## 25.

Hér talast um ad ýmsar verur sem á flakki eru á nóttum, enn hola ekki dagsljósid, hafi farid ad hátta, þegar sólin kom upp: „iörmungrund" „iörmun" er afgamalt ord, sem eginliga merkir: „allsherjar, 2ª mikill"; man eg ekki til, ad það finnist í vóru máli, nema í þessum prdum: „iörmungrund" sú mikla jörd. „Jörmungandr" sá mikli (úlfr) óvættur o: midgardsormurinn; og í manns nafninu „Jörmunrekr" (á þjódverska Er-

menrich). Í gömlu Saxverſku mált kémur fyrir orðið „irmin" í ýmſum ſamſetníngum t. d. „irmin gott" allsherjar Guð; „irmin ſul" allsherjar súla, „irmis-wagen" sá mikli vagn, eda sú svo kalladi „stóri bjarni" á himnum, og í ýmſum mánnanafnum. Sjá Abhandlungen des Frankfurtiſchen Gelehrten vereines für deutſche Sprache bl. 290 — „adalhollr" = aðr yggdrasils, eginliga er það allsherjar tré: „hollr" á norsku „Toll" það mjúka og hvíta tré í furunni, sem fénaðr etr med grædgi; sjá Hallagers Norſke Ordſamling: „gygia" genet: „gýgiu" = iotunsbrúdir: ný og óheyrd myndan ordsins, sem hafadauki á hér ekki sem best vid, því það sýniſt tilgángs lítid, eptir því sem hér á stendur, ad taka heldr til jotnabrúdirnar, enn jotnana, til ad komast úr þessum bobba, hefdi skáldid géta haft, "gifr" fyrir „gygiur", samanb. Vsluspá 52 eyr. Raſks útg. bl. 8.

## 26.

„Riso raknar" godin risu úr rekkju. „Alfrauhull rann" ɔ: sólin kom upp. „Alfrauhull" = sól; Skirnisför 26 eyr. „nióla" nóttin sótti nordr ad Niſlheim = nordr til Niſlheims, sem var Heljar búſtadur. „Ulfrúnarnidr" ɔ: Heimdallr, samanb. Hyndluljód 35 eyr: „upp nam" ɔ: tók upp, ekki til þess, í þetta ſinn, ad vekja gudina, því þeir vóru komnir á fætur, þegar Heimdallr tók lúdurinn, heldr einsog hann ætladi ad blása til þings. „Argiöll" sú sem lætur snemma á morgnana til sín heyra: svo nefniſt hér „Heimdalls giallarhorn" „upp rann" er, eptir ollum líkum, umbreiting einhvorr, fyrir „upp nam", sem hefr hvrad ad „árgiöll" mundi kallaſt „bifröſt" af því í henni gylli á

morgnana undir fótum „gulltopps" (þannig hét hestur Heimdalls ad vitni Sn. Eddu bl. 30). Þegar hann ridi uppá brúna, og af því sem sagt er í Snorra Eddu bl. 30, „ad Heimdallur búi þar sem heita „himinbjørg" vid bifrøst — ok at hann sitji vid himins enda at gæta brúarinnar fyrir bergrisonum. En mér finnst hér miklu betr éga vid ad skilja „árgiøll" um vøkulúdur Heimdalls, med hvørjum hann sem annar vørdur, vekur gudina á morgnana; heldurenn ad láta hann hlaupa tilgángslaust uppá bifrøst: því eptir ímyndan þessa skálds, sem lætur þursa og gýgjur fara ad hátta undir ytstu rót, „aþalþollar" þegar sólin kémur upp. — hefr Heimdallr líkliga ekki þurft ad verja brúna fyrir ásókn jøtna á daginn. Enn til þess, ad lúdurinn gæti haft nóg hljód, þurfti hann ekki ad fara uppá brúna, því ad vitni Sn. Eddu bl. 30, var hann svo háróma ad blástur hans heyrdist í alla heima. En eptir Vøluspá 31 eyr: samanbornu vid 47 eyr: sama kvædis, er gjallarhorn geymt undir þeirri rót ask yggdrasils, er stód yfir Mímisbrunni, og þar gétur ekki um, ad Heimdallr blási í þad, nema þegar hann kallar Gudina til orustu vid hinar íllu vættir, fyrir hvørjum þeir falla vid heimsslit. — En eptir 35 eyr. í Vøluspá „gélur um ásum gullinkambi, sá vekr hølda at heria føþrs". — Þessi umskapan „giallarhorns" frá því er Vøluspá umtalar, í „vøkulúdur" er þá ein af þeim umbreytíngum í hinni fornu gudafrædi, sem høfúndur þessa kvædis hefr leift sér.

---

Digitized by Google

# Leidréttingar.

Bls. 6 línu 14 ragnarokkurs les ragnarøkkurs. Bls. 6 l. 16 heimnrinn les heimurinn. Bls. 7 l. 14 myrkrir les myrkvir Bls. 8 l. 4 yggdrasilsaski les yggrasils aski; línu 12 heimum les heiminum. Bls. 9 l. 10 hugsid ydr um les hugsid ydr til morgins um. Bls. 13 l. 7 uppheima les uppheims. Bls. 15 l. 20 á eptir Baldr tak burt (.) en set (;). Bls. 17 l. 7 á eptir henni set (?) línu 17 skilid les skilia; línu 24 gyldi les gildi. Bls. 18 l. 8 skylia les skilja. Bls. 19 l. 19 einhverjum les einherium. Bls. 20 l. 7 gudasrædi les gudasrædi. Bls. 21 l. 21 Nana les Nanna, línu 26 Nonu les Nonnu. Bls. 22 l. 14 á eptir bókritendur-lát úti kallkenna ordid og; línu 19 fyrir ogsvo kallkent les og verdr þá ordid kallkyns, línu 22 margýgur les margýgr. Bls. 25 l. 14 verper les verpar, línu 24 himnaleitar les himna leitar, línu 25 ef fyrir er; í 4da eyr. ofanfellir les ofann fellir. 6ta eyr les í einni línu yggdrasils frá. Bls. 26 8 eyr. sigtivar fyrir sigtyvar, í ordamun vid sama eyr. Nauno les Naunno. 9 eyr gat les gátt. 10 eyr. lauga les lánga. 12 eyr. endr ricda les endrrióda. Bls. 27 í ordamun vid 14 eyr. offsvimi les of svimi. Bls. 28 eyr. 21 ofgiæti les of gæti. Bls. 29 eyr. 24 iárnasteinum les iarknasteinum; á somu bls. í 4 línu nedanfrá, set (,) fyrir aptan vera. Bls. 23 l. 22 ginúngs les ginnúngs. Bls. 36 l. 7 nedan frá, Sigtyvar les Sigtivar, og í 4 línu nedan frá set (,) fyrir aptan henni. Bls. 37 l. 7 ofan frá 5 l. S. Bls. 38 l. 5 les „sérhvad sem í heiminum væri" fyrir „sérhvad í heiminum, sem í heiminum væri" Bls. 39 l. 8 (at ranni Heimis ɔ: til næturinnar les (at ranni Heimis ɔ: til næturinnar) línu 1 ad nedanverdu: bæt sem inni fyrir aptan had. Bls. 40 l. 5 eykalimar; les eikalimar, línu 9 hýbili les hibýli. Bls. 41 l. 1 hlidskialfu „í" les hlidskialfu í" línu 10 fraugu les frágu; línu 15 æfi endir les æfi endir. Bls. 42 l. 3 Nonu les Nonnu, línu 1 ad nedanverdu á þetta ad nemast burt" — a ɔ: heili". Bls. 43 l. 17, há les þá. Bls. 44 l. 8 svefnþorninum les svefnþorni. Bls. 45 l. 4 fyrir sverd (ens hvíta óss" les „sverd ens hvíta ás" línu 10 fyrir giorvallri (sókn les „giorvallri sókn" þessi ord stjórnast af því undangengna „rennir" línu

Digitized by Google

11 Hinn hviti „ás" les „Hinn þviti ás" linu 15 manns „høfdi igøgnum" les „mannshøfdi igøgnum" linu 16 lát úti einni; linu 3 nedanfrá dvegrinn les svefndvergurium. Blf. 46 l. 5 tak burt púnktinn eptir sendir og set (,) i hans stad og eins á eptir kvon, á hvørigum þessum stad á ad vera þad lánga millibil sem þar er; sollinn sútum stiórnast af þvi undangengna þókti.

---

Ad aflokinni Embættis-gjørd í Bessastada kirkju, þann 29da Janúarii 1837, verdur af Skólanum Hátíd haldin í minníngu Fædíngar-dags vors allranádugasta Konúngs Fridriks Sjøtta; bidjum vér því, med þessu Bods-riti, audmjúklega og ástsamlega Skólans Forstjóra, og adra Skóla-vini og velunnara, ad þeir vilji ásamt oss þessa Hátíd halda, Gudi og Konúnginum til verdugs lofs og heidurs.

Bessastødum þ. 21 Decembr. 1836.

Digitized by Google

Digitized by Google